

Skýrsla

Grunnskólinn á Hólmavík

Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf.
2012

© Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2012.
Grunnskólinn á Hólmanvík. Úttekt.
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mynd á forsiðu fengin af vef Strandabyggðar.

ISBN 978-9935-436-34-4

Grunnskólinn á Hólmavík

Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Gát sf
2012

Heildarmat

- Grunnskólinn á Hólmavík er fámennur skóli með 80 nemendur, 63 þeirra koma úr kaupstaðnum Hólmavík en 17 nemendur úr sveitunum og nýta sér daglegan skólaakstur.
- Skólinn er vel mannaður hvað fjölda kennara varðar. 7,3 nemendur eru á hvern kennara. Að auki starfa við skólann þrjú stuðningsfulltrúar í 80% starfi hver. Hlutfall réttinda-kennara er 88%. Starfsmannavelta var talsverð fyrir nokkrum árum en dregið hefur úr henni allra síðustu ár.
- Húsnæði grunnskólans ber á mörgum stöðum glögg merki ófullnægjandi frágangs og viðhalds. Kennslustofur virðast henta vel þeim bekkjarstærðum sem í skólanum eru. Íþróttahús og sundlaug eru staðsett vestast í kaupúninu og í félagsheimilinu fer fram heimilisfræðsla. Mötuneyti er á Café Riis. Þetta hefur í för með sér að senda þarf nemendur á milli húsa. Þegar illa viðrar er börnum ekið í skólabíl á milli húsa.
- Á síðustu tveimur árum hefur verið unnið að því að styrkja lýðræðislega stjórnunar- og starfshætti í skólanum. Skerpt hefur verið á eftirlitshlutverki skólanefndar.
- Af hálfu sveitarstjórnar hefur skólastjóra verið fengin aukin fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð.
- Skólaráð hefur verið kjörið í samræmi við lög. Fulltrúar kennara og annarra starfsmanna eru kosnir á starfsmannafundum, fulltrúar nemenda af nemendum og fulltrúar foreldra tilnefndir af foreldrafélagi. Að auki tilnefnir skólaráð sjálf fulltrúa hins ytra samfélags.
- Skólaráð fundar reglulega og eru fundargerðir skráðar og birtar á heimasíðu skólans. Góð reynsla er af starfi skólaráðs og segja fulltrúar nemenda að hlustað sé á rödd þeirra.
- Samkennsla árganga er mikil og tveggja kennara kerfi er viðhaft í hverjum námshópi nema þeim elsta. Þetta form líkar vel í skólanum en það felur í sér allmikla mönnun á hvern námshóp.
- Í *Skólanámskrá 2011–2012* koma fram markmið, stefna og hlutverk. Námskráin er skrifuð af skólastjóra en ýmsir stefnumótandi þættir voru bornir undir kennara.
- Í skólanámskrá skortir enn útfærslu á þeim sex grunnþáttum menntunar er skilgreindir eru í *Aðalnámskrá grunnskóla 2011*.
- Í skólanámskránni er áhersla lögð á að brugðist sé við þörfum hvers nemanda og hann fái krefjandi viðfangsefni við sitt hæfi. Starfið á að mótast af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum og samvinnu nemenda. Ýmis áform hafa þó ekki náð fram að ganga.
- Þótt skólinn hafi mótað stefnu um einstaklingsmiðaða kennsluhætti gætir klínískrar afstöðu meðal kennara og foreldra til náms. Mikil áhersla hefur verið á sérkennslu þar sem nemandi er tekinn út úr tíma og honum ætluð einstaklingskennsla.
- Almenn virðist það viðhorf ríkja meðal nemenda, foreldra og kennara að skólabragur sé jákvæður, nemendum líði vel í skólanum og viðhorf til skólans sé jákvætt í samfélaginu.
- Andrúmsloft innan skólans virðist mjög opið og segja nemendur auðvelt að ná sambandi við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.
- Sjálfsmat skólans er enn í mótun.
- Skólastjóri hefur unnið vandaða samantekt á námsárangri nemenda á samræmdum könnunarprófum en árangur nemenda er nokkuð undir landsmeðaltali. Niðurstöður síðustu prófa gefa hins vegar vonir um að betri árangur sé að nást í skólanum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	5
2	Grunnskólinn á Hól mavík	6
2.1	Starfssvæði – upptökusvæði	6
2.2	Nemendur.....	6
2.3	Starfsfólk.....	8
2.4	Húsnæði og aðbúnaður	8
2.5	Námstími.....	9
2.6	Námsráðgjöf.....	10
2.7	Skólahjúkrunarfræðingur	10
2.8	Skólasafn.....	10
2.9	Mat úttektaraðila	10
3	Skólanámskrá.....	12
3.1	Markmið, stefna og hlutverk GH	12
3.2	Nám og kennsla.....	12
3.2.1	Valgreinar	14
3.2.2	Námsmat	14
3.2.3	Eineltisstefna.....	15
3.2.4	Umhverfisstefna.....	15
3.3	Umbóta- og skólaþróunarverkefni	16
3.4	Mat úttektaraðila	16
4	Stjórnun og rekstur	17
4.1	Fræðslunefnd.....	18
4.2	Skólaráð	18
4.3	Starfsmannastefna.....	19
4.4	Starfsmannafundir.....	19
4.5	Mannauður	19
4.5.1	Starfsmannavelta.....	20
4.5.2	Endurmenntun.....	20
4.5.3	Móttaka nýrra starfsmanna	20
4.5.4	Fagteymi	20
4.5.5	Forfallakennsla.....	20
4.6	Mat úttektaraðila	21
5	Nemendur	22
5.1	Viðhorf til skólans og líðan.....	22
5.2	Jafnrétti og lýðræði	22
5.3	Umsjón.....	23
5.4	Skólaakstur.....	23
5.5	Nemendafélag	23
5.6	Mat úttektaraðila	24
6	Skólabragur og samskipti	25
6.1	Mat úttektaraðila	25
7	Innra mat.....	26
7.1	Mat úttektaraðila	27
8	Foreldrasamstarf og ytri tengsl.....	28
8.1	Samstarf heimilis og skóla.....	28
8.2	Ytri tengsl.....	28
8.3	Mat úttektaraðila	29
9	Nemendur með sérþarfir.....	30

9.1	Hlutverk og skipan nemendaverndarráðs.....	30
9.2	Sérkennsla.....	30
9.3	Sérfræðipjónusta.....	31
9.4	Mat úttektaraðila.....	31
10	Niðurstöður.....	32
10.1	Styrkleikar og veikleikar.....	32
10.2	Aðgerðir.....	34
11	Heimildir.....	36

1 Inngangur

Grunnskólinn á Hólmavík er fámennur heimangöngu- og heimanakstursskóli sem þjónar víðlendu sveitarfélagi er nær frá Bitrufirði í suðri, þaðan vestur til Gilsfjarðar að hreppamörkum við Reykhólahrepp, síðan vestur að Ísafirði innst í Ísafjarðardjúpi og að byggðarenda við Kaldalón við norðanvert Djúpið. Í Steingrímsfirði eru hreppamörk við Kaldrananeshrepp í botni fjarðarinnar. Sá texti sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi skólans í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til úttektaraðila, dagsett 30. janúar 2012. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár grunnskóla*, 2006 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausta Þorsteinssyni, lektor við sama svið og skóla, að gera úttektina. Í erindisbréfi ráðuneytisins var þeim falið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og rekstur; Skólanámskrá; Nám og kennsla; Innra mat; Skólabragur og samskipti; Samstarf við foreldra; Sérfræðiþjónusta. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum ráðuneytisins en þeim til viðbótar setti sveitarstjórn Strandabyggðar fram tólf tölusettar óskir um áhersluatriði við úttektina og við þeim er reynt að verða sem kostur er. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu kemur mat úttektaraðila og bent er á leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans kembd og sóttar hverjar þær upplýsingar sem skýrsluhöfundar töldu að myndu nýtast. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólastjóra, dagsett 10. febrúar 2012 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega og erindinu svarað fáum dögum síðar. Í þriðja lagi heimsóttu úttektaraðilar skólann í tvo daga, 23.–24. febrúar. Markmið heimsóknarinnar var að kynna skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og þau voru öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Þeir voru þessir: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skólaráð, fræðslunefnd, allir nemendur í níunda og tíunda bekk, rýnihópur allra fastra kennara, rýnihópur annarra starfsmanna (þrír stuðningsfulltrúar, skólabílastjóri, bókavörður, tveir skólaliðar, sérkennslufulltrúi/iðjuþjálfari) og rýnihópur foreldra. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá.

2 Grunnskólinn á Hólmavík

Grunnskólinn á Hólmavík (GH) rekur sögu sína allt aftur til vetrarins 1910–1911 og er því liðlega aldargamall. Eldri hluti núverandi skólahúss var tekinn í notkun árið 1948 en sá yngri 1984. Við stækkunina var Héraðsbókasafn Strandamanna flutt í húsið og sama ár tók Tónskóli Hólmavíkur- og Kirkjubólshreppa (TH) til starfa á sama stað. Kirkjubólshreppur hafði þá verið aðili að grunnskólanum um skeið því samstarf hreppanna hófst um 1970.¹ Nú er Tónskólinn á Hólmavík (TH) samrekin með grunnskólanum og á yfirstandandi skólaári, 2011–2012, stunda um 80% grunnskólanemanna hljóðfæranám auk náms í tónfræðigreinum. Staðsetning TH í húsum grunnskólans hefur mikil áhrif á skólabraginn enda starfa við hann þrír tónlistarkennarar í 2,4 stöðugildum auk skólastjóra sem uppfyllir kennsluskyldu sína með kennslu í Tónskólanum.²

Önnur starfsemi í húsnæði GH er Skólaskjól, lengd viðvera barna í fyrsta til fjórða bekk á starfstíma skólans, og félagsmiðstöðin Ozon. Forstöðumaður hennar er Arnar Snæberg Jónsson tómstundafulltrúi Strandabyggðar.

Skólastjóri Grunnskólans á Hólmavík er Bjarni Ómar Haraldsson. Hann er jafnframt skólastjóri Tónskólans. Aðstoðarskólastjóri er Hildur Guðjónsdóttir.

2.1 Starfssvæði – upptökusvæði

Sveitarfélagið Strandabyggð er fámennst en víðlent sveitarfélag við vestanverðan Húnaflóa og innanvert Ísafjarðardjúp. Innan þess eru fjórir eldri hreppar sem glötuðu nafngiftum sínum við sameiningar á liðnum árum. Fyrst sameinuðust Hólmavíkurhreppur og Nauteyrarhreppur árið 1994 undir nafni þess fyrrnefnda, síðan bættist Kirkjubólshreppur við árið 2002 og Broddaneshreppur 2006. Þá var nafninu breytt í Strandabyggð.³

Fólksfækkun hefur verið mikil í Strandasýslu síðustu hundrað árin og í ársbyrjun 2012 var svo komið að á Hólmavík bjuggu aðeins 380 manns en annars staðar í sveitarfélaginu 136 einstaklingar, samtals 516.⁴

Vegalengdir eru miklar og samgöngur löngum erfiðar. Á milli Bitrufjarðar og Kollafjarðar liggur vegurinn um Ennishöfða sem er ekki örugg samgönguleið á veturnum. Þess vegna sækja börn úr Bitrufirði Grunnskóla Húnaþings vestra þótt þau séu búsett í Strandabyggð. Vestan Steingrímsfjarðarheiðar búa tvö börn á Langadalsströnd og auk þess er eitt barn í Súðavíkurhreppi sem sækir skóla til Hólmavíkur, 85 km hvora leið, þar af sér foreldri um að aka barninu 35 km hvora leið í veg fyrir skólabíl af Langadalsströnd. Áður var skólahald á Broddanesi fyrir börn úr Bitrufirði og Kollafirði en það var endanlega aflagt árið 2004.⁵ Annar skóli var á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, hann lauk starfsemi sinni árið 1996.⁶

2.2 Nemendur

Haustið 2011 voru 80 nemendur í Grunnskólanum á Hólmavík. Þeir skiptast í árganga og bekkji með nokkuð misjöfnum hætti eins og tafla 1 sýnir:⁷

¹ Uppbygging þjónustu. [Án árs].

² Um skólann okkar. (2012); Viðtal við skólastjóra.

³ Strandabyggð. [Án árs].

⁴ Mannfjöldi. (2012).

⁵ Um Broddanes. (2012).

⁶ Heydalur – Reykjanes: ferðavísir. (2012).

⁷ Námskrár bekkja skólaárið 2011–2012. (2011).


Tafla 1: Nemendafjöldi í Grunnskóla Hólmavíkur haustið 2011.

Bekkur	Piltar	Stúlkur	Alls
Fyrsti	3	2	5
Annar	1	3	4
Þriðji	10	5	15
Fjórði	5	3	8
Fimmti	4	1	5
Sjötti	3	3	6
Sjöundi	4	4	8
Áttundi	11	6	17
Níundi	2	3	5
Tíundi	2	5	7
Alls	45	35	80

Flestir nemendur eru í þriðja og áttunda bekk. Þriðja bekk er kennt sérstaklega en sjöunda og áttunda bekk saman og er það stærsti námshópur skólans, 25 nemendur eða 31%. Piltar eru nokkru fleiri en stúlkur, 56%.

Þorri nemendanna á heima í þéttbýlinu á Hólmavík, 63 talsins, 14 koma úr dreifbýlinu við Húnaflóa, tveir af Langadalsströnd og einn úr Súðavíkurhreppi.

Nemendafjöldi í grunnskólanum hefur haldist tiltölulega stöðugur undanfarinn áratug (Mynd 1).



Mynd 1: Nemendafjöldi í Grunnskóla Hólmavíkur 2001–2011 (Hagstofa Íslands).

Á árabílinu 2001–2011 var meðalfjöldinn 80 nemendur. Á þessu árabili var fjöldi þeirra mestur 2009 eða 86 nemendur en lægstur árið áður, 72. Á árabílinu 2003–2008 fækkaði nemendum jafnt og þétt um en tók síðan stökk er stór árgangur kom í skólann og nemendafjöldinn náði að nýju hæstu hæðum. Á næstu árum mun fækka eilítið í skólanum en meðalfjöldi barna í árgöngum undir skólaskyldualdri var samkvæmt manntali í janúar 2012⁸ sjö börn og litlar sveiflur eru í fjölda milli árganga.

⁸ Mannfjöldi. (2012).

2.3 Starfsfólk

Við Grunnskólann á Hólmavík starfa:

- Skólastjóri með B.A.-próf í tómtunda- og félagsmálafræði auk B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði.
- Aðstoðarskólastjóri með B.Ed.-próf í grunnskólakennarafræði.
- Fimm grunnskólakennarar, allir með B.Ed.-próf í grunnskólakennarafræði.
- Einn íþróttakennari frá Háskólanum í Reykjavík og Íþróttakademíunni í Reykjanesbæ.
- Einn sérkennari í 75% starfi (kom aftur til starfa 20. febrúar sl. eftir fæðingarorlof og launalaust leyfi í þrettán mánuði).
- Einn iðjuþjálfari/fulltrúi sérkennslu í 75% starfi.
- Einn leiðbeinandi með nám á framhaldsskólastigi.
- Einn stundakennari með B.Ed.-próf í grunnskólakennarafræði.
- Einn stundakennari með B.A.-próf í tómtunda- og félagsmálafræði.
- Tveir stundakennarar með stúdentspróf eða sambærilegt.

Kennsluskylda skólastjóra eru 5 stundir á viku og aðstoðarskólastjóra 12. Allir grunnskólakennararnir og íþróttakennarinn eru í fullu starfi. Leiðbeinandinn er í hálfu starfi. Stundakennarar kenna 16,5 vikustundir, þar af eru 9 kenndar af grunnskólakennara. Auk skólastjóra er aðeins einn karlkennari en þrír stundakennaranna eru karlar.

Að sögn skólastjóra er lítil hreyfing á kennurum. Um tíma var hlutfall leiðbeinenda hátt við skólann eins og víðar. Farið var í hvatningarátak eftir 1998 við heimafólk að sækja fjarnám til að öðlast kennsluréttindi og var fólki veittur góður stuðningur. Átakið skilaði sér í fleiri kennurum. Menntun kennarahópsins í skólanum varð hins vegar einsleit þar sem þeir fengu ekki reynslu af öðru vettvangsnámi en í skólanum á Hólmavík.

Annað starfslið eru þrír stuðningsfulltrúar í 80% starfi hver; tveir skólaliðar/ritarar/gangaverðir í blönduðum störfum, 100% starfshlutfall hvor; einn skólabílstjóri/viðhald 4,5 stundir á viku/baðvarsla, 100% starf; bókavörður á skólabókasafni í 33% starfi (með leyfisbréf sem grunnskólakennari). Skólabílstjórinn sem ekur af Langadalströnd er ekki starfsmaður skólans.

2.4 Húsnæði og aðbúnaður

Hús Grunnskólans á Hólmavík (GH) er í reynd tvær byggingar, reistar 1948 og 1984, tengdar enda í enda. Hluti beggja húsanna er á tveimur hæðum og er ekki full lofthæð neðri hæðar í eldri hlutanum. Þar er vinnuaðstaða og kaffistofa kennara. Aðalanddyri, kennslustofur, bókasafn, félagsmiðstöð, skólaskjólíð og langur gangur eru á aðalhæðinni en á neðri hæð yngri byggingarinnar hefur Tónskólinn aðalaðsetur sitt þótt hann fullnýti einnig kennslustofu við hlið aðalinngangs. Húsið ber á mörgum stöðum glögg merki ófullnægjandi frágangs og viðhalds þótt nokkuð hafi verið að gert fyrir upphaf skólaársins 2011–2012. Búnaður í kennslustofum hefur sætt gagnrýni nemenda sem starfsmanna, einkum stólar og borð sem þjóna illa mismunandi vaxtar- og þroskastigi þeirra sem húsgögnin nota. Þá eru hvorki kennaratölvur né fastir skjávarpar í kennslustofum en nemendatölvur eru á breiðum göngum framan þeirra. Einn laus skjávarpi er til í skólanum.

Mötuneyti skólans var á neðri hæð yngri byggingarinnar þar til Tónskólinn (TH) flutti þar inn síðastliðið haust. Síðan þá hafa nemendur gengið niður í bæ á veitingahúsið Café Riis til þess að borða hádegismat, þ.e. þau sem það kjósa. Um tvær leiðir er að velja. Leiðin sem er styttri og nemendur kjósa frekar er yfir holt milli skóla og Riis, hin er greiðfærari eftir gangstéttum en meðfram umferðargötum. Leiðin sem nemendur velja er fremur ógreið vegna

hæðarmismunar og lélegra stíga en yngri börnunum er fylgt af skólaliðum fram og til baka. Þegar illa viðrar er börnunum ekið þessa leið með skólalífi sveitarfélagsins.

Íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöð staðarins, íþróttasal og sundlaug. Í félagsheimilinu við hlið íþróttahússins fer fram kennsla í heimilisfræði í góðu eldhúsi sem þó er á engan hátt ætlað til skólakennslu. Nemendur ganga á milli skóla og íþróttamiðstöðvar/félagsheimilis og yngri nemendur fá fylgd skólaliða eða kennara eftir atvikum. Ef veður eru válynd er þeim ekið í skólalífi á milli. Nemendum sem ljúka íþróttakennslu fyrir matarhlé og borða í mötuneyti er ekið á Café Riis að kennslu lokinni.

Sú fjölþætta starfsemi sem fram fer í skólalífi GH gerir það að verkum að þröngt er um alla þá margbreyttu starfsemi er þar fer fram auk þess sem hönnun (löggun) hússins gerir nýtingu þess erfiða. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

- Tónlistarkennsla fer fram í næstu stofu við aðstöðu sérkennslufulltrúa sem tekur nemendur til sín í sérkennslutíma. Á milli er óhljóðeinangraður veggur úr léttu efni.
- Héraðsbókasafnið/skólalíbúðin býr við allt of þröngan kost.
- Skólaskjólíð, lengd viðvera barna í 1.–4. bekk, hefur ekkert sérstakt rými fyrir sig, nýttir aðeins það pláss sem losnar eftir að venjulegum skóladegi lýkur.
- Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fer fram í „hjarta“ yngri hluta skólalífsins sem líka er að hluta til nýtt sem kennsluhúsnæði og síðan fyrir Skólaskjólíð eftir að kennsla lýkur.
- Tónskólinn hefur ýtt mötuneytinu út úr skólalífinu.
- Vinnuástanda á neðri hæð og kaffistofa kennara eru í húsnæði með ónógri lofthæð og hefur Vinnueftirlitið gert athugasemdir við notkun húsnæðisins.

Þau jákvæðu samlegðaráhrif sem sambýli allra aðila – GH, TH, Skólaskjólíð, héraðsbókasafns og félagsmiðstöðvar – ætti að hafa í för með sér, nýttast þar með ekki sem skyldi og bitna að líkum á eðlilegri þróun grunnskólans, kjarna einingarinnar.

Skólalóðin er stór en hefur að mati starfsmanna skólans ekki fengið nægilegt viðhald og umhirðu um langt árabíl þótt kominn sé knattspyrnuvöllur sem byggður var á vegum KSÍ og körfuboltavöllur sem Strandabyggð lét malbika og tekinn var í notkun haustið 2011. Skólalóðin og leiktækin þar hafa undanfarin fimm ár fengið slæga umsögn í óháðri úttekt BSI á Íslandi (British Standard Institute á Íslandi) er annast m.a. árlegar skoðanir leiksvæða. Skólaráð GH ályktaði um lóðina í janúar 2011 og lagði þar til að ráðist yrði í ákveðnar endurbætur, þ.m.t. uppsetningu á útikennslustofu, auk þess sem fræðslunefnd hefur ítrekað ályktað um nauðsyn endurbóta á skólalóð.⁹ Til að vinna markvisst að endurbótum voru allir leikvöllir sveitarfélagsins, þ.m.t. leikvöllur við GH, færðir undir tómstundafulltrúa Strandabyggðar er hefur það hlutverk að vinna að umbótum í samræmi við athugasemdir BSI á Íslandi. Þá hefur sveitarstjórn samþykkt að setja upp útikennslustofu á skólalóð en af því hefur ekki orðið vegna mótmæla aðila sem hafa umsjón með því svæði þar sem hún verður staðsett.

2.5 Námstími

Skólaárið 2011–2012 er kennt eftir viðmiðunarstundaskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Árið 2009 var kennslumagn til almennrar kennslu í GH 297 vikustundir en er nú 220 vikustundir og hefur því dregist saman um 77 tíma (26%) eða um 2,97 stöðugildi. Í sérkennslu hefur stundum fækkað úr 43 vikustundum í 26 vikustundir eða um tæp 40%. Þetta var gert samhliða róttækri breytingu á fyrirkomulagi og fækkun námshópa sem næst með

⁹ Starfsáætlun skólaráðs. [2011].

aukinni samkenndu. Einnig var ákveðið að hefja skóla hvern morgun kl. 8:10 og ljúka honum hjá öllum bekkjardeildum kl. 14:00.¹⁰

2.6 Námsráðgjöf

Enginn námsráðgjafi starfar við Grunnskólann á Hólmavík en aðstoðarskólastjóri og sérkennslufulltrúi hafa tekið að sér að sinna ráðgjöf við nemendur eftir því sem þörf er á, m.a. aðlögun náms eftir getu nemenda, aðstoð við val á framhaldsskóla, áhugasviðspróf, viðtöl og fleira.

2.7 Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur er tengiliður skólans við Heilbrigðisstofnun Vesturlands og sinnir hann eftirliti með heilsufari nemenda. Árlega er gerð skólaskoðun á hverjum nemanda og þá fer fram tannskoðun tvisvar á ári hjá þeim sem það kjósa. Þá annast hjúkrunarfræðingurinn flúorskolun í skólanum einu sinni í viku. Í skólanámskrá kemur fram að hann sé ráðgefandi fyrir starfsmenn, nemendur og foreldra og sjái um heilbrigðisfræðslu í efri bekkjum (bls. 28) auk þess sem hann kemur að ýmsum forvarnarmálum sé þess óskað af hálfu kennara (bls. 54). Skólahjúkrunarfræðingur situr fundi í nemendaverndarráði tvisvar sinnum í mánuði.

2.8 Skólasafn

Í GH er Héraðsbókasafn Strandamanna til húsa og er það í reynd almenningssafn og skólabókasafn í senn. Bókakosturinn telur um 13.500 bindi auk tímarita, myndbanda, margmiðlunardiska, hljóðbóka, kennsluspila og annars. Allur safnkosturinn er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Bókavörður er samtals í 50% starfi, 33% við skólann og 17% við héraðsbókasafnið og er safnið opið alla virka daga kl. 10:00–13:30 yfir skólaárið. Utan þess tíma eru nemendur á safninu á ábyrgð viðkomandi kennara. Meðal markmiða bókasafnsins er að:

- Safnkosturinn sé aðgengilegur nemendum og starfsfólki GH og hafi bæði fræðslu- og uppeldislegt gildi.
- Þjálfa nemendur í notkun safna og upplýsingalæsi.
- Leiðbeina nemendum og starfsfólki GH við upplýsingaleit og nýtingu safnkostsins.¹¹

Bókasafnið er í reynd jafnframt námsgagnasafn skólans og þar er meðal annars námsbókalager. Húsnæðið er allt of lítið og rúmar hvorki þann bókakost sem það á né heldur þá starfsemi sem gerðar eru kröfur til að fari fram á nútímalegu skólabókasafni.

2.9 Mat úttektaraðila

- Fjöldi nemenda í GH hefur haldist lítið breyttur um árabíl. Í ljósi fjölda nemenda á leikskólaaldri í sveitarfélaginu má fremur búast við að fækki í skólanum en hitt.
- Mikil mönnun er í GH eða um 7,3 nemendur á hvert stöðugildi við kennslu sem er talsvert umfram landsmeðaltal.
- Þótt hlutfall grunnskólakennara í GH sé heldur undir landsmeðaltali þá verður að telja skólann vel settan með 88% ráðningu kennara með leyfisbréf.

¹⁰ Starfsáætlun skólaráðs. [2011].

¹¹ Skólanámskrá. (2011), bls. 25.

- Stjórnunarhlutfall er frekar hátt sem skýrist m.a. af samstjórnun grunn- og tónlistarskóla.
- Skólahúsið er óhentugt og of lítið fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.
- Vinna þarf skipulega að því að koma allri starfsemi skólans, þ.m.t. mötuneyti, heimilisfræðslu og íþróttakennslu, sem mest á sama stað.
- Þótt samnýting skólahússins fyrir grunnskóla, tónskóla, æskulýðsmiðstöð, lengda viðveru yngstu barnanna (Skólaskjól) og héraðs- og skólabókasafn sé eftirsóknarverð fyrir lítið sveitarfélag er hún líkleg til að bitna á lögbundnu skyldunámi nema aukið húsrými komi til.
- Vinnuástaða kennara er ófullnægjandi.
- Skólaskjolið vantar sérstaka og fullnægjandi aðstöðu fyrir starfsemi sína.
- Skipulag bókasafnsins hentar illa starfsemi þess sem skólabókasafns.

3 Skólanámskrá

Skólanámskrá Grunnskólans á Hól mavík var í þremur hlutum á árunum 2001–2010. Fyrsti hlutinn var handbók nemenda og foreldra, annar hlutinn handbók kennara og þriðji hlutinn bekkjarnámskrár.

Haustið 2010 hófst endurskoðun á skólanámskránni með það að markmiði að uppfæra almennan hluta hennar í þá átt sem skólastarfið hafði þróast og gera upplýsingar um skólastarfið aðgengilegri fyrir skólasamfélagið í heild. Skólastjóri annaðist ritun námskrárinnar en áður gafst kennurum tækifæri til að ræða ýmsa stefnumótandi þætti. Skólanámskráin var síðan sett í umsagnarferli og lögð fyrir í heild sinni á almennum starfsmannafundi en að sögn skólastjóra var umræðan mjög takmörkuð. Í skólanum er lítil hefð fyrir grasrótavinnubrögðum við stefnumótun og telur hann að nokkurn tíma taki að virkja kennarahópin að fullu til slíkra verka en vegferðin sé hafin. Fræðslunefnd og skólaráð hafa fengið námskrána til umfjöllunar. Námskráin var ekki lögð fyrir stjórn foreldrafélags en henni var dreift í tölvupósti til allra foreldra.

Skólanámskrá GH er tvískipt, annars vegar almennur hluti og hins vegar námskrár bekkja. Námskránni er ætlað að vera leiðarljós þeirra sem vilja fræðast um skólahald og starfshætti innan GH. Hún er ekki gefin út á pappír en er birt í heild á vef skólans. Þar kemur fram að stefnt er að útgáfu handbókar skólaárið 2011–2012 sem verður stutt samantekt er byggir á gildandi skólanámskrá og skóladagatali.¹²

3.1 Markmið, stefna og hlutverk GH

Í *Skólanámskrá* segir að meginmarkmið skólastarfs í GH sé að stuðla að góðu andrúmslofti og að öllum börnunum líði vel í skólanum. Mikilvægt sé að brugðist sé við þörfum hvers nemanda og hann fái krefjandi viðfangsefni við sitt hæfi. Síðan segir orðrétt:

- Við leggjum mikið upp úr góðu sambandi og samstarfi við foreldra og vinnum að markmiðum aðalnámskrár með áherslu á list- og verkgreinar þar sem tónlist og leiklist spila stórt hlutverk.
- Við flöggum Grænfánanum með stolti og viljum efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál.
- Við leitumst við að skapa hvetjandi, skemmtilegt og fjölbreytt námsumhverfi, leita eftir hæfileikum og styrk hvers nemanda og stuðla að því að hver nemandi fái að njóta sín sem einstaklingur og í hóp og temji sér góða framkomu og góð vinnubrögð.
- Við viljum að upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar foreldrum og metum jákvæða og uppbyggjandi gagnrýni mikils. Skólinn okkar er sameiginlegur vinnustaður margra ólíkra einstaklinga sem sýna hverjir öðrum hlýhug og umhyggju. Með það í huga vonumst við til að geta stuðlað að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers nemanda þannig að hann fari frá okkur sem sjálfstæður, sterkur og lífsglaður einstaklingur.¹³

3.2 Nám og kennsla

Í *Skólanámskrá* (bls. 19–26) er fjallað um nám og kennslu í GH og dregnar fram þær áherslur sem skólinn vill leggja. Lykilhugtökin eru tvö: einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda. Lagt er upp með að nemendur fái námsefni við hæfi hvers og eins, jafnan fái ekki allir við

¹² *Skólanámskrá*. (2011).

¹³ *Skólanámskrá*. (2011), bls. 11–12.

það sama á hverjum tíma heldur vinni hver nemandi á eigin forsendum, samvinna er talin mikilvæg og nemendur læra að bera virðingu fyrir hugmyndum og námi annarra nemenda.

Í samtali við rýnihóp kennara kom fram að mismunandi skilningur er á því hvað felst í einstaklingsmiðuðu námi. Nokkur umræða hefur farið fram um þetta þeirra á meðal en fagleg sameiginleg sýn á viðfangið er takmörkuð. *Skólanámskráin* segir kennsluhættina eiga að móttast af því að nemendur fái „námsfni við hæfi hvers og eins.“¹⁴ Vísað er til námsfnis en ekki námsviðfangsefna. Hverjum nemanda er ætlað að vinna á eigin forsendum um leið og samvinna og virðing fyrir námi og hugmyndum annarra er sett í öndvegi. Leiðin að þessu eru einstaklingsáætlanir sem nemendur vinna með aðstoð kennara. Þar gegnir skipulagsbókin *Skjatti* miðlægu hlutverki því í hana eru skráð þau verkefni sem nemandi ætlar sér að vinna í viku hverri. Nákvæm lýsing á notkun *Skjatta* er í námskránni (bls. 22). Auk hans er vefumhverfið Mentor notað til upplýsingamiðlunar frá skóla til heimila.

Eftirtektarvert er að í könnun meðal nemenda vorið 2011 svaraði tæpur helmingur nemenda í 5.–10. bekk (23 af 52) því til að þeir notuðu Mentor „sjaldan“, „næstum aldrei“ eða „aldrei“ til að fá upplýsingar um námið.¹⁵ Það bendir til þess að kennarar og skólinn noti vefumhverfið til þess að senda boð frá sér en þau nái ekki endilega í mark.

Mikil samkensla er vegna fámennra árganga og skólaárið 2011–2012 er skipting náms- hópa sem hér segir: 1.–2. bekkur; 3. bekkur; 4.–6. bekkur; 7.–8. bekkur; 9.–10. bekkur. Nokkur munur er á fjölda nemenda í námshópum, sá fjölmennasti með 25 nemendur (7.–8. bekkur) en minnsti námshópurinn með 9 nemendur (1.–2. bekkur). Samhliða aldursblöndun- inni er í *Skólanámskrá* lögð áhersla á samþættingu námsgreina.

Teymisvinna meðal kennara byggir á tveggja kennara kerfi í flestum námsgreinum og tengist á vissan hátt samkennslufyrirkomulaginu. Skólaárið 2011–2012 er þetta kerfi notað í öllum námshópum nema þeim elsta. Umsjónarkennarar eru ýmist einn eða tveir í hverjum námshópi og þeir bera faglega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd kennslunnar í samstarfi við aðra kennara, stuðningsfulltrúa og sérkennara. Teymin hittast á föstum samráðstíma en meginmarkmið vinnunnar eru: að skipuleggja einstaklingsmiðað nám; að léttu álagi af sérkennslu; að dreifa undirbúningi á fleiri hendur; að lofa fjölbreytni og fagmennsku í starfsmannahópnum að njóta sín.¹⁶

Bekkjarnámskrár eru samdar fyrir alla tíu bekkina, ein fyrir hvern árgang, og eru þær vistaðar á heimasíðu skólans.¹⁷ Þær eru í meginatriðum byggðar eins upp: fyrst er nemendalisti, síðan kennaralisti og námsgreinar, þá um umsjónarkennarann og hlutverk hans, svo kemur texti um nemendaverndarráð og að því búnu listi um námsgreinar og náms- markmið, umfjöllun um leiðir að settu marki og námsmat. Í námskránum er upptalning á fjölda markmiða en minna um viðfangsefni eða vinnubrögð og útfærslu þeirra markmiða er fram koma í almennum hluta skólanámskrár. Erfitt er til dæmis að átta sig á hvernig einstaklingsmiðaðir kennsluhættir birtast í starfinu. Í könnun meðal foreldra haustið 2010 kemur þó fram að þessar námskrár eru almennt skoðaðar á heimilum barnanna, aðeins tæp 9% svarenda kváðust lítið eða ekkert hafa kynnt sér þær.¹⁸ Af bekkjarnámskránum má ráða að kennslan er mjög bókarstýrð og staðfestist það í viðtölum við kennara og nemendur. Í samráði við kennara hefur sérstök áhersla verið lögð á það skólaárið 2011–2012 að efla kennsluáætlanagerð, bæði vegna undirbúnings kennslu og ekki síst til að upplýsa um náms- yfirferð, vinnulag og viðfangsefni. Nú er gerð krafa um að allir kennarar skili kennslu- áætlunum sínum til skólastjórnenda og kynni þær fyrir nemendum og foreldrum eins og við á en á því hefur verið allmikill misbrestur að sögn skólastjóra.

¹⁴ *Skólanámskrá*. (2011), bls. 19.

¹⁵ *Nemendakönnun í Grunnskólanum á Hólmavík: vor 2011: niðurstöður*. [2011].

¹⁶ *Skólanámskrá*. (2011), bls. 18.

¹⁷ Skólaárið 2011–2012. (2011).

¹⁸ *Foreldrakönnun I Grunnskólans á Hólmavík: vefkönnun – nóvember 2010 – niðurstöður*. [2010].

Markvisst hefur verið dregið úr heimanámi í GH en þó er ætíð gerð krafa um yndislestur heima og lestur í þeim námsgreinum sem krefjast slíks undirbúnings, til dæmis í samfélagsgreinum. Í viðtölum við foreldra komu fram skiptar skoðanir um heimanám. Flestir voru þeirrar skoðunar að þeir vildu hafa eitthvert heimanám til að geta betur fylgst með námi barnanna. Það megi hins vegar ekki vera íþyngjandi og ekki sé hægt að ætlast til að foreldrar leysi verkefni með börnum sínum. Heimanám eigi því frekar að felast í æfingu en lærdómi. Þá kom fram það sjónarmið að börn sem eru langan tíma í skólabíl hafi ekki mikinn tíma til heimanáms og taka verði tillit til þess. Í *Skólanámskrá* (bls. 24) eru sett eftirfarandi viðmið um lengd heimanáms:

- 1.–2. bekkur: 15–20 mínútur að meðaltali á dag.
- 3.–4. bekkur: 20–30 mínútur að meðaltali á dag.
- 5.–6. bekkur: 40–50 mínútur að meðaltali á dag.
- 7.–10. bekkur: sex klukkustundir að meðaltali á viku.

Í fyrrnefndri foreldrakönnun var spurt um afstöðu til heimanáms og svöruðu 63% því til að þeim fyndist það eiga að vera. Undir lok sama skólaárs svöruðu 85% nemenda í 5.–10. bekk því til að þeim fyndist heimanámið sitt „hæfilegt.“¹⁹

3.2.1 Valgreinar

Valgreinar standa nemendum í fyrsta til sjöunda bekk ekki til boða. Í þremur elstu árgöngunum eru þær hins vegar fjórar vikustundir af 37,5 stundum alls eða 10,7%. Valgreinarnar eru allar verkgreinar, sumar með bóklegu ívafi. Valgreinar skólaárið 2011–2012 eru hestamennska, myndlist, kvikmyndun og kvikmyndasaga, upptöku- og hljóðvinnsla, tónlist, leiklist. Lágmarkspátttaka í hverri grein er sex nemendur og hver nemandi þarf að velja tvær. Við ákvörðun valgreina er reynt að koma til móts við óskir nemenda en getur verið erfitt vegna fámennra námshópa og takmarkaðs aðgengis að kennurum með sérþekkingu á viðkomandi sviði. Stefna skólans og framboð hæfra kennara ræður mestu um það hvaða valgreinar eru boðnar hverju sinni. Skólinn hefur ekki gert neitt sérstakt til þess að draga úr kynbundnu vali og að mati skólastjóra virðist kynferði ekki hafa áhrif á það.²⁰

3.2.2 Námsmat

Ítarlega er fjallað um námsmat í *Skólanámskrá GH*²¹. Þar segir að ákveðið hafi verið (af skólastjórnendum og kennurum) að taka upp samræmt námsmat í öllum skólanum með aðferðum sí mats og felst það í fjórum þáttum:

- Virkni – þátttaka nemanda og framlag hans í námi.
- Samvinna – þátttaka nemenda í hópstarfi og áhrif á framvindu annarra.
- Ástundun – verkefnavinna og verkefnaskil.
- Samskipti – vilji til samstarfs og samvinnu við kennara og samnemendur.

Símatið vegur 50% á móti verkefnaeinkunnum og prófum sem haldin eru í lok hvernar annar (þrjár yfir skólaárið). Frávik frá þessari reglu eru skólaeinkunnir að vori við lok tíunda bekkjar. Þar gildir lokaprófseinkunn 70% og símatseinkunn 30%. Nauðsynlegt er í því prófi að fá einkunnina 5,0 til þess að fá símatið metið og er þetta gert til þess að fá sem raunhæfasta mynd af stöðu nemandans, að mati skólans, áður en hann heldur til náms í framhaldsskóla.

Frá og með skólaárinu 2011–2012 eru skilgreind þrjú prófatímabil á skóladagatali. Þar með falla sérstakir prófdagar niður sem einkenndust af því að nemendur tóku próf að morgni

¹⁹ *Nemendakönnun í Grunnskólanum á Hólmavík: vor 2011: niðurstöður.* [2011].

²⁰ Bjarni Ómar Haraldsson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 17.2; *Skólanámskrá* (2011), bls. 59.

²¹ *Skólanámskrá.* (2011), bls. 44–48.

en fóru síðan heim til undirbúnings fyrir næsta próf. Þess í stað dvelja nemendur venjulegan skóladag og njóta aðstoðar kennara við undirbúning þess eða þeirra prófa sem næst koma.

Foreldraviðtöl eru þrisvar á ári. Þau gegna meðal annars því hlutverki að upplýsingum úr námsmati er miðlað og rætt er um námslega stöðu hvers nemenda. Áhersla er lögð á það í skólanámskrá að nemendur og foreldrar geti tjáð sig um matið og skólastarfið í heild en jafnframt skulu kennarar leitast við að móta einstaklingsmarkmið og einstaklingsáætlanir og veita nemendum tækifæri til þess að meta árangur sinn.

Um viðmiðanir um námslega stöðu nemenda segir í *Skólanámskrá* að bera skuli árangur skólans í samræmdum prófum „við árangur á Vesturlandi, Vestfjörðum og landinu í heild, en markmiðið er að skólinn verði í fremstu röð sambærilegra skóla og árangur aldrei lakari en landsmeðaltal. Fylgst skal með þróun árangurs á milli 4., 7. og 10.b. hvort um framför í samræmdum einkunnum er að ræða, bæði hjá einstaka nemendum, bekkjum og árganginum í heild (bls. 47).“ Í samræmi við þetta markmið hefur verið tekin saman skýrsla um árangur nemenda í GH á samræmdum könnunarprófum haustið 2010 og hún birt á heimasíðu skólans. Þar kemur fram að árangurinn er víðast vel eða jafnvel langt undir landsmeðaltali. Ástæður þessa slaka árangurs eru greindar og kynnt eru áform um úrbætur sem leiða eigi til ásættanlegrri niðurstöðu í framtíðinni.²² Ekki liggur fyrir sams konar greining á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa haustið 2011 en á fundi skólaráðs 24. nóvember sl. sagði skólastjóri árangurinn mun betri en árið áður og að nemendur GH hafi verið „að mestu rétt undir, við eða yfir landsmeðaltali (30) normaldreifðra einkunna í þeim greinum sem kannaðar eru.“²³

3.2.3 Skólareglur

Í *Skólanámskrá*²⁴ segir að GH vinni í anda *Uppeldis til ábyrgðar* en það er aðferð og leið til að ýta undir jákvæðan aga, sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og að þekkja sína styrkleika. Á grundvelli þessa eru skólareglur mótaðar og eru þær sagðar eins fáar og einfaldar og hægt er en til þess ætlast að almennar kurteisis- og umgengnisreglur séu haldnar í heiðri. Gildin traust og virðing eiga að endurspeglast í öllu starfi skólans meðal nemenda, starfsmanna og foreldra. Ef út af bregður eru birt ákvæði um viðurlög.

3.2.4 Eineltisstefna

Í *Skólanámskrá*²⁵ eru birt drög að eineltisáætlun og á vefsíðu skólans er tilkynningarblað vegna gruns um einelti.²⁶ Í eineltisteymi skólans eiga sæti skólastjóri, sérkennari, fulltrúar kennara og almennra starfsmanna og fulltrúi foreldra. Umsjónarkennarar þolenda og gerenda starfa náið með teyminu þegar slík mál koma upp.

3.2.5 Umhverfisstefna

Skólinn sótti í skólabyrjun 2007 um að taka þátt í Grænfánaverkefninu sem rekið er á vegum Landverndar. Umhverfisnefnd var skipuð og áhugasamra leitað úr mismunandi störfum innan skólans ásamt fulltrúum nemenda og eins foreldris. Þremur árum síðar, vorið 2010, var Grænfáninn afhentur við hátíðlega athöfn og blaktir fyrir framan skólann. Verkefnisstjóri er

²² Bjarni Ómar Haraldsson. (2011). *Samantekt á niðurstöðum og framkvæmd samræmdra könnunarprófa við Grunnskólann á Hólmavík haustið 2010.*

²³ Starfsáætlun skólaráðs. [2011].

²⁴ *Skólanámskrá*. (2011), bls. 32.

²⁵ *Skólanámskrá*. (2011), bls. 37–40.

²⁶ Tilkynningarblað í eineltismálum og vegna gruns um einelti. [Án árs].

Ingibjörg Emilsdóttir.²⁷ Að sögn skólastjóra hefur fátt annað verið unnið að umhverfismálum á vegum skólans en það sem það þessu verkefni lýtur.

3.3 Umbóta- og skólaþróunarverkefni

Grunnskólinn á Hólmavík er í ákveðnu breytingaferli eftir áralanga kyrrstöðu, að sögn skólastjóra. Markmiðið er að þróa vinnubrögð sem einkennast af fagmennsku, ígrundun og umræðu um fagleg mál kennara. Að mati skólastjóra hefur ferlið gengið þökkalega en það er þekkt að breytingum fylgir oft óryggi og stundum andstaða sem tekur tíma að vinna úr. Áhersla er lögð á að innleiða ýmis ákvæði laga, s.s. um gerð skólanámskrár og starfsáætlunar, innra mat, lýðræði í skólastarfi auk áherslu á einstaklingsmiðaða kennsluhætti, breytt námsmat og heimanám. Þá hefur skólinn unnið að breytingum á sérkennslu og því að auka áhrif foreldra og kalla þannig eftir því að skoðanir þeirra og kröfur um gæði í innra starfi skólans komi fram.

Að mati aðstoðarskólastjóra eru styrkleikar breytinga- og þróunarstarfsins vinnugleði meðal kennara og nemenda jafnframt því sem þeir standa frammi fyrir því sama og aðrir skólar sem vinna að sambærilegu breytingastarfi, óvissu og ótta við hvernig nemendur verða undirbúnir fyrir næsta skólastig, hvernig framhaldsskólarnir taka við nemendum úr kennsluumhverfi af þessu tagi.

Skólinn hefur að mati foreldra verið í mikilli þróun að undanfögnu og lýsa þeir ánægju með breytingar síðustu tveggja ára. Upplýsingastreymi til foreldra sé mikið í gegnum Mentor en ástæða fyrir skólann að huga að fleiri og persónulegri upplýsingaleiðum. Foreldrar telja að einstaklingsmiðaðir kennsluhættir séu nú veruleiki í skólanum en ekki aðeins í orði. Þar hafi mikil breyting orðið á. Í skólanum sé unnið úr uppákomum eftir skýrum vinnureglum og með markvissum hætti. Þá list foreldrum vel á breytingar á námsmati sem þeir telja að verði nemendum til góðs. Nemendur, kennarar og foreldrar fá með því að vita um styrkleika og veikleika og unnt sé að bregðast við í samræmi við það.

3.4 Mat úttektaraðila

- Mikill umbótavilji er meðal stjórnenda skólans og áhersla lögð á að áherslur laga og reglugerða séu innleiddar í skólastarfið.
- Endurskoða þarf skólanámskrá í ljósi nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Gæta þarf að grunnþáttunum sex og útfæra þá í starfi skólans.
- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að virkja frumkvæði og hugmyndir kennara við alla gerð hennar, s.s. við mótun sýnar og stefnu skólans og ræða við alla hlutaðeigandi áður en endanlega er frá henni gengið.
- Stefna og markmið skólans eru skýr.
- Bekkjarnámskrár eru fremur óaðgengilegar og að hluta ófullnægjandi. Markmið eru mörg en lítt tengd við viðfangsefni og vinnubrögð, s.s. einstaklingsmiðað nám.
- Verklegar valgreinar í 9. og 10. bekk auka umtalsvert við fjölbreytni í námsframboði skólans.
- Eineltisteymi skólans er virkt og viðbragðsáætlanir vegna eineltis virðast skýrar.
- Ákvörðun um einstaklingsmiðaða kennsluhætti er framfaraskref en nokkuð skortir á faglegan undirbúning kennara. Skerpa þarf á sameiginlegum skilningi þeirra um hvað

²⁷ Grænfáninn. [2010]; Vinnan á bak við Grænfánann síðustu ár. (2011).

einstaklingsmiðaðir kennsluhættir fela í sér og veita þeim fræðslu og ráðgjöf við að tileinka sér vinnubrögð af þessu tagi.

- Að mati kennara fer fram mikil samræða við nemendur um námið og talsvert virðist reyna á samvinnu og samstarf þeirra.
- Ýmislegt bendir til að efla þurfi faglegt sjálfstraust kennara. Kennsla í skólanum er mjög „bókarstýrð“, þ.e. námsbókin er haldreipi kennarans fremur en faglega ígrunduð markmið sem lagt er upp með hverju sinni.
- Breytingar á námsmati eru óþarflega varfærnar af ótta við næsta skólastig og athygli vekur hversu hátt hlutur prófa vegur í símatþættinum.
- Í skólanámskrá er víða vísað í langa kafla úr lögum eða reglugerðum. Á stundum verður það til að markmið eða stefna skólans tynast og inntak námskrárinnar verður síður aðgengilegt.

4 Stjórnun og rekstur

Stjórnskipulag Grunnskólans á Hólmarvík er skilgreint á blaðsíðum 12–18 í *Skólanámskrá*²⁸ en eiginlegt skipurit skólans er ekki til staðar.²⁹ Meðal breytinga síðustu tveggja ára er að unnið er að aukinni dreifstýringu og sjálfstæði stofnana af hálfu sveitarfélagsins. Fjármálaleg ábyrgð hefur í auknum mæli verið færð á hendur skólastjóra og hann annast nú gerð fjárhagsáætlunar fyrir sína stofnun og leggur fyrir fræðslunefnd. Á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar hefur skólastjóri heimild til að ráðstafa því fé sem ætlað er til rekstrar en getur ekki fært fé af launalið í rekstur.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að núverandi skólastjórnendur hafi barist fyrir því að fá fræðslustjóra ráðinn til sveitarfélagsins en Strandabyggð er eitt fárra sem ekki hefur fræðslustjóra. Í farvatninu er að gerður verður samningur við fræðslustjóra Húnvetninga að hann sinni jafnframt Strandabyggð.

4.1 Fræðslunefnd

Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir að skóla- eða fræðslunefndir starfi í hverju sveitarfélagi. Í Strandabyggð var ákveðið að sameina leikskólanefnd sveitarfélagsins og skólanefnd grunnskólans og tónskólans í eina fræðslunefnd sem fer með verkefni þessara þriggja skólagerða samkvæmt gildandi lögum um hverja þeirra. Jafnframt var ákveðið að fulltrúar í sveitarstjórn skiptu á milli sín setu í fastanefndum sveitarfélagsins og að þeir gegndu formennsku í viðkomandi nefndum til að tryggja sem best upplýsingaflæði á milli. Fræðslunefnd heldur nokkuð reglulega fundi yfir allt árið. Fulltrúar kennara og foreldra hafa verið kjörnir í nefndina. Formaður fræðslunefndar er Ingibjörg Benediktsdóttir.³⁰

Skólastefna sveitarfélagsins hefur ekki enn verið mótuð og að sögn fræðslunefndar hefur meginkrafturinn hingað til farið í að vinna að ýmis konar tiltekt í málaflökknum en einnig liggja fyrir drög að ýmsum málum. Áformað er að sveitarstjórn leggi línur en síðan annist fræðslunefnd stefnumótunina. Skólastjóri mun vinna með nefndinni og vera tengiliður við kennara. Ekki er gert ráð fyrir að foreldrar komi að stefnumótuninni nema í gegnum fulltrúa sinn í fræðslunefnd.

4.2 Skólaráð

Við Grunnskólann á Hólmarvík starfar skólaráð sem er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn: tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Fulltrúar foreldra eru kosnir á aðalfundi foreldrafélags, fulltrúar kennara og annarra starfsmanna skólans á starfsmannafundum og fulltrúar nemenda í kosningum meðal tveggja elstu árganganna. Varamenn eru ekki kjörnir.

Í skólaráði 2011–2012 eiga eftirtalin sæti: Bjarni Ómar Haraldsson skólastjóri, Margrét Vera Mánadóttir og Stella Guðrún Jóhannsdóttir, fulltrúar nemenda, Jóhanna Ása Einarsdóttir og Vala Friðriksdóttir, fulltrúar kennara, Kolbrún Þorsteinsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Sverrir Guðmundsson og Jóhanna Guðbrandsdóttir, fulltrúar foreldra, Sigrún M. Kolbeinsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna.³¹

²⁸ *Skólanámskrá*. (2011).

²⁹ Bjarni Ómar Haraldsson. (2012).

³⁰ Fræðslunefnd. (2012).

³¹ Starfsáætlun skólaráðs. (2011).

Verkefni skólaráðs eru skilgreind í grunnskólalögum. Helstu hlutverk þess eru:

- Það tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Það fjallar um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Það fær til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.
- Það fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Það fjallar um ýmis önnur mál er upp koma.
- Það boðar til fundar með stjórn nemendafélagsins einu sinni á ári.

Skólaráð setur sér starfsáætlanir fyrir hvert skólaár. Þær og fundargerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans. Starfsáætlun skólaársins 2011–2012 er meðfylgjandi sem fylgiskjal 2.

4.3 Starfsmannastefna

Starfsmannastefna GH er skilgreind í skólanámskrá. Þar segir að starfsmenn skólans séu hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinni í sameiningu, undir verkstjórn skólustjóra, að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þá segir að starfsmenn eigi í nánun og traustu samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn beri mikla ábyrgð á skólastarfinu, jafnt undirbúning sem framkvæmd og mat, og leggi metnað sinn í að styðja hvern annan í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til starfsþróunar.³² Haustið 2010 skrifuðu allir starfsmenn GH undir sérstaka trúnaðar- og siðferðisyfirlýsingu sem undirstrikar framangreint.

4.4 Starfsmannafundir

Kennarafundir eru að jafnaði haldnir hálfsmánaðarlega. Þeir fjalla um sameiginleg mál og afgreiða öll stærri mál og áætlanir er varða kennslu. Fundargerðir eru skrifaðar á kennarafundum. Sameiginlegir fundir allra starfsmanna Grunnskólans og Tónskólans eru haldnir mánaðarlega.

Í hverjum mánuði eru haldnir árgangafundir umsjónarkennara með öllum kennurum sem kenna viðkomandi bekk eða árgangi. Þessum fundum er ætlað að tryggja nauðsynlegt samráð, sameiginlega ákvarðanatöku og upplýsingastreymi á milli aðila.³³

4.5 Mannauður

Allir sem gegna föstum fullum stöðum kennara í GH eru með grunnskólakennarapróf. Margir þeirra luku kennaranámi sínu í fjarnámi og tóku vettvangsnámshlutann í GH. Þeir hafa þar með takmarkaða reynslu af öðru skólastarfi en á Hólmavík. Við skólann er sérkennari í 75% starfi sem hefur lokið diplómaprófi í sérkennslu og iðjuþjálfari í sama starfshlutfalli er vinnur sem fulltrúi við sérkennslu. Stuðningsfulltrúarnir þrír sem eru í 80% starfi hver, samtals 2,4 stöðugildum, hafa ekki réttindi til kennslu. Sama er um skólaliðana tvo en bókavörður skólans (33% starf) er grunnskólakennari sem kenndi um árabíl við skólann. Rúmur helmingur stundakennslu (9 stundir af 16,5) er í höndum grunnskólakennara sem áður var skólustjóri GH. Leiðbeinandi í hálfu starfi er með ígildi stúdentsprófs úr framhaldsskóla. Að öllu samanlögðu virðist sem um fjögur stöðugildi við kennslu séu í höndum einstaklinga sem

³² Skólanámskrá. (2011), bls. 17.

³³ Skólanámskrá. (2011), bls. 16.

ekki hafa réttindi til starfsins (stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfari, leiðbeinandi, stundakennarar). Þrír þessara, stuðningsfulltrúarnir, vinna að jafnaði undir stjórn menntaðs kennara á vettvangi. Þrír þeirra kennara sem nú vinna við skólann voru áður leiðbeinendur við GH en luku fjarnámi í grunnskólafræðum á árunum 2008–2010.³⁴

Skólastjóri annast auglýsingar á kennarastöðum, stjórnendur skólans taka viðtöl við umsækjendur og gera sínar tillögur til fræðslunefndar. Skólastjóri gengur síðan frá ráðningarsamningi við viðkomandi í samráði við launafulltrúa sveitarfélagsins. Kvað skólastjóri sig ekki reka minni til að gengið væri gegn vilja skólastjóra við ráðningu kennara.

4.5.1 Starfsmannavelta

Talsverðar mannabreytingar hafa orðið við GH á undanförunum árum. Skólastjóra- og aðstoðarskólastjóraskipti urðu á árinu 2009 og aftur 2010 er núverandi stjórnendur tóku við. Á árunum 2007–2011 hættu samtals sex kennarar í 5½ stöðugildi störfum við skólann.³⁵ Þessi fækkun stöðugilda tengist að hluta til fækkun kenndra stunda eins og fyrr greinir í kafla 2.5.

4.5.2 Endurmenntun

Grunnskólinn á Hólmavík hefur gert nokkuð ítarlega símenntunaráætlun fyrir árin 2011–2013 í samræmi við opinber fyrirmæli og er hún aðgengileg á vef skólans.³⁶ Þar kemur meðal annars fram að á yngsta stigi er áhersla á lestrarkennslu, lesskilning, ritun og stærðfræðikennslu þessi ár; á miðstigi eru áherslur á það sama en auk þess skipulag kennslunnar og blandaða hópa ásamt heildstæðum verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði; á unglingsstigi er lögð áhersla á fjölbætt verkefni í samræmi við þarfir hverrar greinar. Nokkrar fleiri áherslur eru tilgreindar fyrir listgreinar, sérkennslu, íþróttakennslu og þvert á allar námsgreinar.

Í viðtölum við foreldra komu fram efasemdir um að kennarar sæktu nægilega mörg námskeið. Kennarar segja sjálfir að litlu fé sé veitt til símenntunar af hálfu skólans og í símenntunaráætluninni felist lítið meira en eitt námskeið á ári. Telja þeir að námskeið sem haldin eru í skólanum tengist ekki nægilega vel því breytingastarfi sem unnið er að, þ.e. einstaklingsmiðuðum kennsluháttum og námsmati.

4.5.3 Móttaka nýrra starfsmanna

Engin skipuleg stefna er til um móttöku nýrra starfsmanna en mannauðsstjórnun er á sameiginlegu forræði skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Aðstoðarskólastjóri hefur að mestu séð um móttöku nýrra kennara og verið með þá í almennri handleiðslu u.þ.b. eina klukkustund á viku auk þess sem aðstoðarskólastjóri og skólastjóri leiðbeina kennurum með ýmsum hætti, s.s. um gerð áætlana, verkefna, bókakost o.fl.

4.5.4 Fagteymi

Í *Skólanámskrá* segir (bls. 16) að skólaárið 2011–2012 starfi fjögur fagteymi í GH: námsmatsteymi, eineltisteymi, sjálfsmatsteymi og lestrarteymi. Teymin eru fag- eða verkefnatengdir hópar sem starfa tímabundið og eru verkefni þeirra skilgreind af þátttakendum í samráði við skólastjórn. Teymum er ætlað að skila stuttum áfangaskýrslum og lokaskýrslu. Þessir hópar voru stofnaðir og störfuðu skólaárið 2010–2011. Skólastjórnendur kusu að setja þessa vinnu ekki af stað skólaárið 2011–2012 til að koma til móts við umræðu í hópi kennara um of mikið vinnuálag.

³⁴ Bjarni Ómar Haraldsson. (2012).

³⁵ Bjarni Ómar Haraldsson. (2012).

³⁶ *Endurmenntunaráætlun 2011–2013*. (2011).

4.5.5 Forfallakennsla

Skólastjóri segir að aldrei séu felldar niður kennslustundir í fyrsta til sjötta bekk. Í þeim tilvikum sem ekki er unnt að fá afleysingakennara í sjöunda til tíunda bekk vinna nemendur sjálfstætt en kennslustundir falla ekki niður. Aðrir starfsmenn og skólastjórnendur halda þá utan um viðkomandi námshópa.

Þar sem algengast er að tveir kennarar kenni sama námshópnum samtímis er sjaldgæft að báðir forfallist samtímis. Ef annan þeirra vantar reiknast það sem hálf forföll. Sá kennari sem eftir stendur fær greitt álag fyrir vinnu sína.

Samkvæmt dagbók skólastjóra hafa nemendur verið sendir heim það sem af er skólaárinu (til miðs febrúar 2012) vegna forfalla kennara sem hér segir:

- 14. nóvember: Ein kennslustund í 7.–8. bekk og tvær kennslustundir í 9.–10. bekk.
- 24. nóvember: Tvær kennslustundir í 1.–3. bekk og þrjár kennslustundir í 4.–6. bekk vegna ADHD námskeiðs /allir starfsmenn, samtals þrettán kennslustundir.
- 29. nóvember: Tvær kennslustundir í valgrein.
- 7. febrúar: Ein og hálf kennslustund í 7.–8. bekk.
- 14. febrúar: Tvær kennslustundir í valgrein.

Í heild voru nemendur sendir heim vegna forfalla kennara í 21,5 kennslustund frá hausti 2011 til miðs febrúar 2012.³⁷

4.6 Mat úttektaraðila

- Skólastjóra hefur verið falin aukin rekstrarleg ábyrgð af hálfu sveitarstjórnar.
- Markvisst hefur verið unnið að því að styrkja stjórnunarhætti skólamála. Fræðslunefnd tekur virkan þátt í eftirliti og umræðu um störf og starfshætti. Skólaráð er kjörið skv. lögum, fundar reglulega og eru fundargerðir ráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Talsverð starfsmannavelta hefur verið í GH undanfarin ár.
- Starfsmannastefna er skýr og starfsmannafundir haldnir reglulega. Skólastjóra hefur þó ekki tekist sem skyldi að fylkja starfsfólki að baki sér í umbótastarfinu og e.t.v. þarf hann að ætla breytingaferlinu lengri tíma.
- Ekki eru gerðar sérstakar menntunarkröfur til stuðningsfulltrúa en mikilvægt er að skólinn hlúi að endurmenntun þeirra með fræðslu og námskeiðstilboðum.
- Endurmenntunarstefna skólans hefur verið mótuð en hún þyrfti að taka betur mið af þróunaráherslum skólans.
- Tveggja kennara kerfi er viðhaft í flestum námshópum. Það hefur meðal annars komið í veg fyrir að skólinn hafi þurft að fella niður kennslu sökum forfalla kennara.

³⁷ Bjarni Ómar Haraldsson. (2012).

5 Nemendur

5.1 Viðhorf til skólans og líðan

Að sögn nemenda ríkir jákvætt viðhorf til skólans í samfélaginu og þeir tjáðu sig óhikað um góða líðan sína í skólanum. Það er í góðu samræmi við þá afstöðu sem þeir tóku í viðhorfskönnun vorið 2011 þegar spurt var um aðbúnað í skólanum og ánægju þeirra með kennara sem skólastjórnendur.³⁸ Niðurstöður voru samt ekki allar á einn veg.

Við úrvinnslu úr könnuninni var nemendahópnum skipt í tvennt: 1.–4. bekk og 5.–10. bekk. Engar upplýsingar eru gefnar um það í drögum að lokaskýrslu á hverju sú skipting var grundvölluð. Svarendur í yngri hópnum voru 32 en 52 í þeim eldri. Nokkrar spurningar lúta beint að líðan nemenda og samskiptum innan hópsins („Mér finnst ég vera velkomin/n í skólann minn;“ „Hvernig líður þér í skólanum?“ „Ég á góða vini í þessum skóla;“ „Krakkarnir í bekknum mínum eru góðir við hvern annan;“ „Það er góður vinnufriður í bekknum mínum;“ „Hefur þú verið skilin/n útundan í skólanum í vetur?“ „Langar þig einhvern tíma til að hætta í skólanum?“). Niðurstöður könnunarinnar eru að öllum jafnaði mjög jákvæðar meðal eldri nemendanna en hjá hinum yngri birtist 6–8 nemenda hópur sem svarar spurningunum með gagnstæðum eða hlutlausum hætti.

Meðal eldri nemendanna vekur eftirtekt að 17% (9 af 52) segja að sér sé „sjaldan“ eða „næstum aldrei“ hrósað í skólanum; 15% segja að sig langi „oft“ eða „alltaf“ til að hætta í skólanum og þetta hlutfall hækkar í 29% ef bætt er við þeim sem svara „stundum“; rúmur fimmtungur segist „sjaldan“, „næstum aldrei“ eða „aldrei“ geta rætt við umsjónarkennarann sinn ef eitthvað kemur fyrir. Hafa ber í huga að hér er dvalið við neikvæðustu svörunina en hinar spurningarnar eru miklu fleiri þar sem jákvæðar niðurstöður eru yfirgnæfandi. Engu að síður eru hér drjúgar vísbendingar um að mörgum líði ekki nægilega vel og að ekki sé á þá hlustað.

Svör nemendanna eru einnig eftirtektarverð í ljósi vefkönnunar sem gerð var meðal foreldra í nóvember 2010.³⁹ Þar var leitað til 83 foreldra og fékkst 100% svörun. Þar svara næstum allir því til að börnunum líði vel í skólanum en þó telur rúmur fjórðungur svarenda (26%) að tíðni eineltis þar sé „frekar mikið“ eða „mjög mikið“ og tæpur helmingur að það sé „hvorki mikið né lítið.“ Í þessu felst ákveðin þverstæða sem engin tilraun er gerð til þess að skýra. Greiningarvinnu og vinnu við framsetningu á niðurstöðum er hins vegar ekki lokið og afhenti skólinn úttektaraðilum aðeins hráar niðurstöður sem ekki hafa verið kynntar opinberlega, aðeins verið sagt frá þeim innan skólans.

5.2 Jafnrétti og lýðræði

Nemendur eiga tvo fulltrúa í skólaráði GH og af fundargerðum þess að dæma fá þeir gott tóm til þess að kynna margvísleg hagsmunamál sín innan skólans.⁴⁰ Samtöl við nemendur staðfesta þetta og viðhorfskönnun haustið 2011 bendir eindregið í sömu átt því þar segja nemendur að þeim finnist auðvelt að ná sambandi við kennara sína, stjórnendur og annað starfsfólk skólans (svör við einni spurningu eru nokkur undantekning frá þessu en vega lítið á móti öllum hinum). Þar kemur líka fram að góður meirihluti eldri nemendanna telur sig ýmist hafa áhrif eða mikil áhrif á hvað þeir læra í skólanum, samtals 75%, en tæp 10% telja að skólinn taki „sjaldan“ eða „næstum aldrei“ tillit til óska og athugasemda þeirra.⁴¹

³⁸ *Nemendakönnun í Grunnskólanum á Hólmavík: vor 2011: niðurstöður.* [2011].

³⁹ *Foreldrakönnun I Grunnskólans á Hólmavík: vefkönnun – nóvember 2010 – niðurstöður.* [2010].

⁴⁰ Starfsáætlun skólaráðs. [2010–2011].

⁴¹ *Nemendakönnun í Grunnskólanum á Hólmavík: vor 2011: niðurstöður.* [2011].

5.3 Umsjón

Allir nemendur hafa umsjónarkennara og eru þeir fleiri en bekkjardeildirnar/samkennslu-hóparnir eða átta talsins. Umsjónarkennari ber ábyrgð gagnvart skólastjórn á kennslu viðkomandi bekkjardeildar. Hann er tengiliður skólans við heimilin, fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi og aðstoðar og ráðleggur þeim við persónuleg mál. Hver bekkjardeild velur sér síðan (að jafnaði) tvo umsjónarmenn úr hópi nemenda til einnar viku í senn til þess að aðstoða umsjónarkennara við að ganga frá skólastofu í lok skóladags.⁴²

5.4 Skólaakstur

Skólabörnum er ekið daglega til og frá heimilum sínum og á yfirstandandi skólaári, 2011–2012, njóta 17 börn þeirrar þjónustu. Lengst eiga börn frá bæjunum Broddadalsá við Kollafjörð, 40 km hvora leið til og frá skóla, Laugarholti á Langadalsströnd, 70 km hvora leið til og frá skóla, og barnið frá Svansvík í Súðavíkurreppi sem fyrr er nefnt. Skólaakstur fer fram með tveimur bílum. Annars vegar með skólabíl í eigu sveitarfélagsins sem tekur börn á Ströndum, hins vegar á vegum skólabílstjóra sem búsettur er á Langadalsströnd.⁴³

Í samtölum við fulltrúa foreldra og skólabílstjóra kom fram það sjónarmið að upphaf skóladagsins taki lítið tillit til þeirra barna sem um lengstan veg eiga að fara og að í sumum tilvikum geti verið erfitt eða nánast ómögulegt að mæta á réttum tíma þar eð snjómokstri sé ekki lokið í tæka tíð, einkum á leiðinni vestan af Langadalsströnd.

5.5 Nemendafélag

Nemendaráð GH skiptist í nemendaráð 5.–7. bekkjar og nemendaráð 8.–10. bekkjar. Ráðin hafa umsjón með félagsstarfi í þessum árgöngum, t.d. bekkjarkvöldum og dansleikjum og annast sælgætissölu á þeim. Skólastjóri heldur fundi tvisvar á ári með nemendaráði og skólaráði þar sem veittar eru upplýsingar um skólastarfið og fjallað um málefni þessara ráða.

Í *Skólanámskrá GH* (bls. 41–43) segir að nemendafélag skólans vinni undir merkjum félagsmiðstöðvarinnar Ozon sem starfrækt er innan veggja hans þótt hún heyri ekki beint undir hann. Arnar Snæberg Jónsson, tómskundafulltrúi Strandabyggðar, heldur utan um starf miðstöðvarinnar ásamt nemendaráði GH. Hann er jafnframt umsjónarmaður félagsstarfs í skólanum. Innan miðstöðvarinnar fer fram hefðbundið starf, s.s. opin hús einu sinni til tvisvar í viku yfir skólaárið og viðburðir í tengslum við það. Starfið hjá Ozon er sagt sækja hugmyndir til Johns Dewey um reynslunám, virka þátttöku og skapandi starf. Engin leiktæki eru önnur en þau sem kalla fram sköpunargleði, virka þátttöku og hugmyndaauðgi. Nemendur hafa sjálfir komið sér upp góðri aðstöðu fyrir hljómsveitir með hljóðfærum auk annars sem nauðsynlegt er.

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar hefur aukist með árunum og telja skólayfirvöld forvarnargildið ótvírætt. Miðstöðin er aðili að Samfés (Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi) og hefur einnig aukið samskipti við félagsmiðstöðvar í nágrannasveitarfélögum. Hún hefur staðið fyrir menningarviðburðum á Hólmavík og ber þar hæst árlega lista- og menningarhátíð ungs fólks.

⁴² *Skólanámskrá*. (2011), bls. 18 og 34.

⁴³ Viðtal við skólabílstjóra 1. mars.

5.6 Mat úttektaraðila

- Almennt virðist ríkja jákvætt viðhorf til skólans meðal nemenda.
- Ástæða er til að hafa áhyggjur af vísbindingum um vanlíðan ungra barna er fram koma í viðhorfskönnun meðal nemenda.
- Félagsstarf er mikið á vegum félagsmiðstöðvarinnar Ozon og rækt er lögð við lýðræðislega þjálfun nemenda.
- Nemendur eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan skóla og auðvelt er að ná sambandi við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.
- Skólaakstur tekur drjúgan tíma af starfsdegi sumra nemenda.
- Nauðsynlegt er að skólinn endurskoði upphaf kennslu með tilliti til skólaaksturs. Að sögn foreldra myndi það miklu breyta fyrir þau börn sem fjærst eru ef kennsla hæfist kl. 8:30 að morgni í stað 8:10.
- Í viðtölum komu fram ákveðnar áhyggjur af því hversu hátt hlutfall grunnskólanemenda úr Strandabyggð lýkur ekki prófum úr framhaldsskóla. Leita þarf skýringa og úrbóta.

6 Skólabragur og samskipti

Skólabragur í Grunnskólanum á Hól mavík einkennist fyrst og fremst af mikilli nánd sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur lítilla samfélaga. Allir þekkja alla og samræðan getur auðveldlega sveiflast á milli þess að vera fagleg eða persónuleg ellegar hvort tveggja í senn. Starfsfólk skólans þekkir fjölskyldur og heimilishagi nemenda sinna og hvers annars, nemendur heyra talað um kennara og aðra starfsmenn við eldhúsbordið heima hjá sér. Fram hjá þessu verður ekki litið og aðstæðurnar bjóða bæði upp á kosti nándarinnar og ókosti smæðarinnar. Um það skal ekki fjölyrt.

Annað atriði en þessu ná tengt er sambýli nokkurra „stofnana“ innan veggja skólans og þau þrengsli sem af hljóttast. Skólastjórnendur hafa með bréfi til sveitarstjórnar lagt til að sameina Grunnskólann og Tónskólann í eina stofnun en að sögn skólastjóra hefur ekki verið fjallað um erindið. Ráðning sameiginlegs skólastjóra yfir stofnanirnar tvær virðist hins vegar fela í sér ákveðinn vilja sveitarstjórnar til sameiningar eða a.m.k. þéttra tengsla milli þeirra tveggja. Í ráðningu sameiginlegs skólastjóra felast tækifæri en líka ákveðnar hættur sem líklega hafa einhver áhrif á spennu sem greina má á milli skólastjórans og sumra starfsmanna hans. Inn í það mál blandast líka mismikil hrifning með þá ráðstöfun að flytja mötuneytið út fyrir vegg skólahússins og setja hljóðfæri þangað inn í staðinn.

Að þessu frátöldu má fullyrða að skólabragur í GH sé afslappaður og rósamur. Nemendur lýsa mikilli ánægju með skólann sinn og starfsmenn hans sem þeir segja bæði hlusta vel á sig og taka mikið tillit til sín. Starfsfólkið ber hvert öðru vel söguna og foreldrar segja viðhorf samfélagsins mjög jákvæð. Skólinn er í þeirra (foreldra) augum mikilvægt ták og sameign sveitarfélagsins þótt meiri metnað og fjármuni þurfi vissulega að leggja í endurbætur og viðhald hússins. Kennarar bæta því við að skólinn sé bæði félagsleg og menningarleg miðstöð. Þangað koma eldri borgarar til þess að nýta smíðastofu, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, skólahópur af leikskólanum, Vinnumálastofnun og fleiri aðilar halda þar fjölþætt námskeið og Héraðsbókasafnið laðar fjölmarga lánþega að skólanum.

6.1 Mat úttektaraðila

- Skólabragur í Grunnskólanum á Hól mavík er rólegur og þægilegur og einkennist af mikilli nánd, vinnusemi og glaðværð. Nemendur virðast ófeimnir.
- Kennarar sýna samræðum við foreldra utan skóla um málefni nemenda umburðarlyndi.
- Í ráðningu sameiginlegs skólastjóra Grunnskólans og Tónskólans felast tækifæri.
- Mismikil hrifning er með þá ráðstöfun að flytja mötuneytið út fyrir vegg skólahússins og setja hljóðfæri þangað inn í staðinn.
- Mikið tónlistarlíf er í GH og öflug félagsstarfssemi sem helgast af þéttri nálægð tónlistarskóla og félagsmiðstöðvar.
- Skólahúsið er félagsleg og menningarleg miðstöð sveitarfélagsins.

7 Innra mat

Í *Skólanámskrá* (bls. 26) segir að áætlun um sjálfsmat skólaárin 2010–2015 sé á heimasíðu skólans og hluti hennar þar að auki í námskránni sjálfri. Sú er þó ekki raunin og í úttekt menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skóla árið 2008 uppfyllti GH hvorki viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats. Að sögn aðstoðarskólustjóra bauðst ráðuneytið til að aðstoða skólann við sjálfsmat. Haldinn var fræðslufundur í Búðardal þar sem farið var yfir hvernig standa má að gerð sjálfsmatsáætlunar. Fyrsta fundinn sóttu skólustjórnendur og seinni fundinn sótti skólustjóri ásamt tveimur kennurum sem eru fulltrúar í sjálfsmatsteymi skólans. Gerð voru drög að áætlun sem ráðgjafi ráðuneytisins las yfir og kom með uppástungur um lagfæringar. Á þann hátt varð sjálfsmatsáætlunin til þótt hún hafi ekki verið gerð sýnileg á vef skólans. Að mati aðstoðarskólustjóra tókst mjög vel að meta sérkennsluna og sérfræðipjónustuna. Gerð var könnun á líðan nemenda ásamt fleiri könnunum.

Í skólanámskrá kemur fram að sjálfsmatsskýrsla sé í vinnslu en að sögn skólustjóra er gerð hennar ekki lokið. Af þessu leiðir að ekkert eiginlegt sjálfsmat GH liggur fyrir á útmánuðum 2012. Aftur á móti var gerð ánægjukönnun meðal starfsfólks haustið 2010 sem tók til 26 starfsmanna Grunnskólans og Tónskólans. Spurningalistinn var saminn af Vinnu-efirliti ríkisins, lagður fyrir að frumkvæði skólustjórnenda og fræðslunefndar Strandabyggðar og unnið úr honum af sveitarstjóra. Allir starfsmenn svöruðu nema þrír.⁴⁴

Athyglisverðar en um sumt þverstæðukenndar vísbendingar koma fram í þessari könnun um misjafna líðan starfsfólksins eins og sjá má í töflu 2 sem tekur til allra spurninganna sem lagðar voru fyrir.

Tafla 2: Líðan starfsfólks í Grunnskólanum á Hólmavík haustið 2010.

Spurning	Já	Nei	Ósvarað
Ertu ánægð/ur í vinnunni?	19	2	2
Getur þú nýtt þér þekkingu þína og hæfni í núverandi starfi?	21	1	1
Veistu fyrirfram hvenær þú þarft að vinna yfirvinnu?	11	9	3
Sýna samstarfsmenn þér almennt vingjarnlegt viðmót?	21	2	0
Kemstu frá vinnunni þegar þér hentar?	17	5	1
Sýna samstarfsmenn umburðarlyndi hverjir gagnvart öðrum á vinnustað?	14	9	0
Færðu stuðning frá yfirmönnum þegar við á?	20	1	2
Er vinnustaðurinn laus við hótanir og ofbeldi?	18	4	1
Veistu nákvæmlega til hvers er ætlast af þér í vinnunni?	21	1	1
Er upplýsingaflæði í lagi á vinnustaðnum?	18	2	3
Er komið fram við alla starfsmenn á vinnustaðnum á sama hátt?	16	5	2
Er vinnutími þinn hæfilega langur?	18	4	1
Er borin virðing fyrir þér sem starfsmanni?	23	0	0
Tekst þér að ljúka verkefnum þínum á tilsettum tíma?	16	4	3
Hefurðu færi á að spjalla og fylgjast með því sem fer fram í kringum þig?	18	4	1
Er vinnustaðurinn laus við samskiptavandamál?	6	17	0
Er vinnustaðurinn laus við einelti?	8	13	2
Ertu tiltölulega óþreytt/ur eftir vinnudaginn?	14	9	0
Færðu stuðning frá samstarfsfólki þegar við á?	21	1	1
Myndir þú mæla með vinnustaðnum?	23	0	0

Almennt tjáir starfsfólkið góða líðan og ánægju með vinnu sína og vinnustað sinn sem það telur þó fjarri því lausan við skort á umburðarlyndi, samskiptavanda og einelti. Þau

⁴⁴ *Ánægjukönnun fyrir starfsfólk á vinnustaðum: [Grunnskólinn á Hólmavík]. (2010).*

vandamál virðast fremur vera innbyrðis í starfsmannahópnum en að þau beinist að yfirmönnum sem flestir (20) segjast fá stuðning frá. Þó telja fimm einstaklingar að ekki sé komið fram við alla starfsmenn á sama hátt og tveir svara þeirri spurningu ekki. Í kjölfar umræðu meðal starfsmanna um könnunina um einelti kom að sögn skólastjórnenda fram mismunandi túlkun á spurningunni þar sem sumir starfsmenn kváðust einnig hafa litið til nemendahópsins í svari sínu, ekki væri einungis átt við einelti innan starfsmannahópsins. Af niðurstöðunum má ráða að drjúgar erjur hafi verið í starfsmannahópnum haustið 2010 og var utanaðkomandi sérfræðingur fenginn til að vinna með þann vanda sem upp kom.

7.1 Mat úttektaraðila

- Ekki hefur verið gengið frá formlegu innra mati í GH en vinna er hafin við innleiðingu sjálfsmatsaðferða skólans. Mikilvægt er að áfram verði markvisst unnið að því að koma á innra mati og að það sé tengt við áherslur skólanámskrár.
- Ánægjukönnun meðal starfsfólks leiðir almennt í ljós góða líðan og ánægju þess með vinnuna sem vinnustaðinn.
- Vísbendingar um samskiptavanda og skort á umburðarlyndi virðast í litlu beinast að stjórnendum.

8 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldrafélag er starfandi við GH svo sem lög gera ráð fyrir.⁴⁵ Stjórn þess skólaárið 2011–2012 skipa María Mjöll Guðmundsdóttir, formaður og gjaldkeri, Jón Eðvald Halldórsson, Viktoría Rán Ólafsdóttir, Sigurrós Þórðardóttir og Ester Sigfúsdóttir. Lög félagsins, samþykkt á aðalfundi 1. desember 2010, eru til staðar en þó ekki aðgengileg á heimasíðu skólans. Í þeim eru helstu markmið félagsins skilgreind: að stuðla að velferð, heill og hamingju nemenda; að vera samstarfsvettvangur foreldra og hvetja til virkrar þátttöku þeirra í skólastarfinu; að efla tengsl og samvinnu heimila og skóla; að koma sjónarmiðum foreldra um uppeldis- og skólamál á framfæri; að standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Á aðalfundi foreldrafélagsins eru kjörnir bekkjarfulltrúar með hverjum árgangi og hafa þeir það hlutverk að standa fyrir ýmsum atburðum með börnunum og vera tengiliðir foreldra við umsjónarkennara eftir því sem þörf er á. Meðal umræðuefna innan félagsins nýlega var að efla samstarf við bekkjarfulltrúa og hvetja þá til dáða, t.d. með því að halda að minnsta kosti tvö bekkjarkvöld á skólaárinu, halda samráðsfundi í hverri bekkjardeild, koma á svokölluðum „vinahópum“ til að brjóta ísinn með börnum sem eru gjarnan feimin eða eiga erfitt með að stækka vinahópin innan bekkjardeilda og efna til funda með umsjónarkennurum til að treysta samband heimilis og skóla.⁴⁶

8.1 Samstarf heimilis og skóla

Að mati foreldra ríkir gott viðhorf til skólans og að þeirra sögn er það alltaf að verða betra og betra. Þessi breyting tengist að þeirra sögn nýjum skólastjórnendum sem unnið hafa að því að gera starfið faglegra og stuðlað að auknu samstarfi og stuðningi við foreldra. Með skýrum vinnureglum er unnið markvisst úr ýmsum uppákomum í skólastarfinu. Að mati foreldra er svo mikið umleikis á vettvangi skólans og tengdra stofnana að erfitt er að finna kvöld þar sem ekkert er um að vera hjá börnunum. Að þeirra mati líður börnunum vel í skólanum þar sem strax er tekið á einelti og stríðni.

Foreldrar álíta að skólareglur séu vel kynntar og að nemendur þekki almennt vel til þeirra og geri sér vel grein fyrir almennum viðurlögum við brotum á þeim. Ýmislegt er gert til að styrkja tengsl og samstarf heimila og skóla. Þar er Mentor helsta samskiptatækið. Þrír formlegir foreldradagar eru á hverjum vetri í nóvember og febrúar en þá eru einkunnaskil og fá þá foreldrar viðtalstíma hjá umsjónarkennara. Þriðja viðtalið fer svo fram í maí þar sem sjónum er einkum beint að félagslegri stöðu nemandans. Í september eru kynningarkvöld fyrir allar bekkjardeildir skólans þar sem foreldrum er boðið að koma og ræða um námið, námsáætlanir og námskröfur og annað sem varðar nám barnanna. Auk þessa bjóða kennarar foreldrum upp á viðtöl þegar þörf er á og þá stendur foreldrum einnig til boða að koma í heimsókn í skólann hvenær sem er og fylgjast með skólastarfinu af eigin raun.⁴⁷

8.2 Ytri tengsl

Mjög gott samstarf er á milli leikskólans og grunnskólans á Hól mavík og athyglisvert að skólaráð óskaði eftir því að skólastjóri leikskólans tæki sæti í ráðinu sem fulltrúi hins ytra samfélags. Elsti nemendahópurinn í leikskólanum er tekinn inn í grunnskólann einu sinni í

⁴⁵ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 9.

⁴⁶ Bekkjarkvöld, samráðsfundir og vinahópar. [2012].

⁴⁷ Skólanámskrá. (2011), bls. 52–53.

viku þar sem fengist er við ýmis verkefni og leik. Þetta hefur reynst mjög vel að sögn fræðslunefndar. Það að hún er ein fyrir báða skólana styrkir samstarfið verulega.

Ekki er formlegt samstarf við aðra skóla. Vestfirskir kennarar hittast þó allir árlega á haustþingi þar sem boðið er upp á fræðsluerindi og námskynningar. Á síðasta ári var reynt að koma á óformlegu samstarfi við Reykhólaskóla. Farið var í heimsókn á Reykhóla til skrafs og ráðagerða og kennarar og nemendur þaðan komu til Hólmavíkur og tóku þátt í umhverfisdegi. Af framhaldi hefur hins vegar ekki orðið. Þá er lítið samstarf við skólann á Drangsnesi en samskipti unglinga í skólunum tveimur hafa eitthvað aukist upp á síðkastið. Nemendur frá Hólmavík og Drangsnesi hafa farið saman í skólabúðirnar á Reykjum í Hrutafirði og þeir hafa ásamt Finnbogastaðaskóla í Árneshreppi haldið Stóru upplestrarkeppnina árlega fyrir nemendur í 7. bekk. Á síðasta ári komu nemendur Finnbogastaðaskóla og tóku þátt í skólustarfinu í GH í heila viku. Rætt hefur verið um að nemendur heimsæki Finnbogastaðaskóla en ekki hefur orðið af því, m.a. vegna erfiðra vegasamgangna yfir vetrartímann.

Skólastjórnendur GH hafa árangurslaust reynt að koma á formlegu samstarfi milli allra skóla á Ströndum og Reykhólaskóla um sérfræðiþjónustu og sérkennslu. Markmiðið er að samnýta þekkingu sem til er í skólunum og styrkja með samvinnu innviði þessa málaflokks.

Margvíslegt samstarf er við fyrirtæki á Hólmavík og taka þau m.a. á mótum nemendum í 9. bekk vegna starfskynninga. Í skólanámskrá kemur fram að Kaupfélag Steingrímsfjarðar og Hólmadrangur hafi tekið þátt í og gert óformlegt samkomulag um að fyrirtækin komi að sérstökum námsúrræðum nemenda í unglingadeild ef um slíkt er að ræða. Þá hefur Sparisjóður Strandasýslu fært öllum nemendum á fermingarári vandaðan vasareikni að gjöf.⁴⁸

Loks á skólinn í góðu samstarfi við lögregluna á Vestfjörðum. Fulltrúar hennar og starfandi lögreglumenn á Hólmavík koma í heimsóknir í tengslum við margvísleg verkefni, bæði þegar eftir því hefur verið leitað en einnig eiga þeir frumkvæði að ýmis konar fræðslu og samstarfi sem ætlað er að efla góð samskipti nemenda og löggæslunnar.⁴⁹

8.3 Mat úttektaraðila

- Jákvæðni ríkir meðal foreldra í garð skólans. Þeir segja tiltrú í hans garð fara vaxandi enda sé tekið á málum jafnótt og þau koma fram og daglegt starf sífellt faglegra.
- Mikið upplýsingastreymi á sér stað frá skóla til foreldra.
- Starf foreldrafélags virðist vera lifandi og fjölbreytt.
- Æskilegt er að koma á formlegum samskiptum GH og grunnskóla í næstliggjandi sveitarfélögum.

⁴⁸ Skólanámskrá. (2011), bls. 26.

⁴⁹ Skólanámskrá. (2011), bls. 29.

9 Nemendur með sérþarfir

Meðferð mála þeirra nemenda GH sem þurfa á einhvers konar sérþjónustu að halda fellur undir nemendaverndarráð. Skipan þess og hlutverk byggja á fyrirmælum grunnskólalaga og *Reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010*. Fræðslunefnd Strandabyggðar samþykkti verklagsreglur fyrir nemendaverndarráð grunnskólans sumarið 2011 og eru þær birtar á vefsíðu skólans.⁵⁰

9.1 Hlutverk og skipan nemendaverndarráðs

„Hlutverk nemendaverndarráðs Grunnskólans á Hólmavík er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð sér um skipulagningu á sérkennslu skólans, skiptingu tíma milli nemenda og hefur frumkvæði að allri umfjöllun um sérþarfir nemenda í skólanum.“⁵¹

Nemendaverndarráðið er skipað til eins árs í senn. Skólaárið 2011–2012 eiga þar sæti: aðstoðarskólastjóri, sem jafnframt er formaður, fulltrúi sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur og félagsmálastjóri Stranda- og Reykhólahrepps. Ráðið fundar að jafnaði hálfsmánaðarlega. Um vinnubrögð og meðferð mála gilda skýrt skilgreindir verkferlar og sérstakt skipurit.

Þessu skylt er að Félagsþjónusta Stranda- og Reykhólahrepps fer með barnaverndarmál í sveitarfélaginu og hún er ráðgefandi um málefni fatlaðra og skólanum til ráðuneytis um málefni þeirra skjólstaðinga sinna sem eru í GH.⁵²

9.2 Sérkennsla

Í skólanámskrá segir um sérkennslu að hún sé eitt af námstilboðum skólans til að mæta þörfum nemenda. Hún feli í sér breytingu á námsaðstæðum, námsefni, námsmarkmiðum og/eða kennsluáferðum. Sérkennslan er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum viðkomandi nemanda og fer ýmist fram innan eða utan almennra bekkjardeilda. Sérkennari metur hvaða form er heppilegast í hverju tilviki í samráði við umsjónarkennara. Enginn nemandi fær sérkennslu nema farið hafi verið yfir mál hans í nemendaverndarráði í samráði við foreldra og með samþykki þeirra.⁵³

Í viðtölum við skólastjórnendur kom ítrekað fram að sérkennslumál í skólanum voru fyrir fáum árum komin í þann farveg að um eða yfir fimmtíu nemendur voru komnir með sértækar greiningar af ýmsu tagi og gengu reglubundið til sérkennara frá ári til árs. Þegar núverandi stjórnendur tóku við skáru þeir upp herör gegn þessu fyrirkomulagi, tóku upp teymisvinnu kennara, tveggja kennara kerfi, aðstoð stuðningsfulltrúa og þar með stuðningskennslu inni í kennslustofum og einstaklingsbundið nám. Þetta eru umsvifamiklar breytingar sem hafa kostað mikla skipulagsvinnu af hálfu stjórnenda og um sumt gjörbreytt vinnubrögð af hálfu kennara. Árangurinn er meðal annars sá að sérkennslustundum hefur fækkað mikið og nemendum með sértækar greiningar vel niður fyrir tuttugu.

Þessar breytingar voru staðfestar í viðtölum við kennara og fulltrúa sérkennslu og að áliti þeirra hefur um flest tekist vel til þótt allir aðilar séu enn að tileinka sér ný vinnubrögð og

⁵⁰ Nemendaverndarráð Grunnskólans á Hólmavík. (2011).

⁵¹ Sama heimild.

⁵² *Skólanámskrá*. (2011), bls. 27.

⁵³ *Skólanámskrá*. (2011), bls. 48–50.

aðra nálgun að viðfanginu en áður tíðkaðist. Upplýsingar um fyrirkomulag sérkennslu við GH eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.⁵⁴

9.3 Sérfræðiþjónusta

Í lögum um grunnskóla segir að sveitarfélög skuli tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum. Í henni felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.⁵⁵ Engin slík sérfræðiþjónusta hefur verið byggð upp fyrir GH en þess í stað var keypt þjónusta af sjálfstætt starfandi sérfræðingum samkvæmt föstum samningi og störfuðu þeir við skólann um 15–20 ára skeið, fimm daga á ári. Misjöfn reynsla var af þessu fyrirkomulagi að mati stjórnenda. Samningnum var sagt upp en þess í stað keypt þjónusta af sjálfstætt starfandi sérfræðingum sem leitað er til út frá þeim vanda sem upp kemur hverju sinni. Með öflugri eftirfylgd hefur biðtími eftir þjónustu sérfræðings verið sjö til tíu dagar. Áður var tilhneigingin eindregið sú að beina athyglinni að vanda nemandans fremur en vanda kennarans og skólans. Reynt hefur verið að breyta þeirri áherslu og leitað leiða til að efla ráðgjöf við kennara.

Kennarar lýsa í viðtölum litlum stuðningi utan frá við breytingastarf í skólanum. Þegar ákveðið var að þróa einstaklingsmiðaða kennsluhætti var ákveðið að fara í heimsóknir í skóla í Reykjavík og Garðabæ til undirbúnings en að öðru leyti hafa þeir orðið að þreifa sig áfram. Hið sama er að segja um breytingar á námsmati, þeim hefur einungis verið fengið efni til að lesa en námskeið skortir.

9.4 Mat úttektaraðila

- Nemendaverndarráð vinnur eftir skýrum verklagsreglum og gegnir mikilvægu hlutverki í þjónustu við nemendur.
- Ótrúlega margir nemendur í GH hafa verið greindir með sértæka námsörðugleika og verið teknir út í sérkennslu.
- Tveggja kennara kerfi og aðstoð stuðningsfulltrúa reynast vel til að draga úr sértækum námsúrræðum en fela um leið í sér mikla mönnun í kennslustofum.
- Mikilvægt er að miðla fræðslu til kennara og veita þeim ráðgjöf er styrkir þá í breytingastarfi og eflir þeim sjálfstraust.
- Tryggja þarf öruggt aðgengi GH að sérfræðiþjónustu og sjá til þess að samfella sé í þjónustunni.
- Áhersla sérfræðiþjónustunnar þarf að beinast í ríkum mæli að stuðningi við kennara fremur en að leitað sé vandans hjá nemandanum.

⁵⁴ Sérkennsla og stuðningur. [2011.].

⁵⁵ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 40.

10 Niðurstöður

Grunnskólinn á Hólmavík er fámennur skóli með 80 nemendur, 63 þeirra koma úr kaupstaðnum Hólmavík en 17 úr sveitunum og nýta sér daglegan skólaakstur. Sá nemandi sem lengsta leið á í skólann þarf að aka 85 km hvora leið. Þeir nemendur sem fjærst búa þurfa því snemma upp á morgnana til að taka skólabilinn en skóli hefst kl. 8:10. Í viðtölum kom fram hjá foreldrum barna er nýta skólabil ósk um að breytingar verði gerðar á stundaskrá og fyrsta tíma að morgni seinkað. Miklu myndi breyta fyrir nemendur ef skóladagurinn hæfist ekki fyrr en kl. 8:30.

Skólinn er vel mannaður hvað fjölda kennara varðar. 7,3 nemendur eru á hvern kennara sem er nokkru lægra en landsmeðaltal segir til um. Að auki starfa við skólann þrjú stuðningsfulltrúar í 80% starfi hver. Hlutfall réttindakennara er 88% en það er heldur lægra en landsmeðaltal. Starfsmannavelta við skólann hefur verið talsverð á liðnum árum, m.a. vegna samdráttar í kennslumagni til skólans en dregið hefur úr veltunni allra síðustu ár.

Húsnæði grunnskólans er í reynd tvær byggingar, reistar 1948 og 1984, tengdar enda í enda. Undir hluta eldri byggingar er kjallari sem er nýttur sem kennarastofa og vinnurými fyrir kennara. Mjög lágt er til lofts og aðgengi þröngt og því tæpast að aðstaðan uppfylli öryggis- og heilbrigðiskröfur og hefur Vinnueftirlit gert athugasemdir við notkun húsnæðisins. Kennslustofur virðast henta vel þeim bekkjarstærðum sem í skólanum eru. Í enda nýrri hluta hússins er setustofa þar sem fram fer hópastarf. Þar inn af er aðstaða fyrir mynd- og handmennt og virðist sú kennsluástaða vel búin. Undir þessum hluta húsnæðisins er kjallari þar sem áður var mötuneyti skólans en er nú aðstaða fyrir félagsmiðstöðina og Tónskólann sem báðum hefur verið fundinn staður innan veggja grunnskólans og felldar undir yfirstjórn skólastjóra. Auk þessa hefur héraðsbókasafnið aðsetur í skólahúsinu og skólabókasafnið verið fellt undir starfsemi þess. Þótt ýmis jákvæð samlegðaráhrif megi sjá af því að hýsa allar þessar stofnanir undir einu þaki þrengir það að starfsemi skólans. Skólahúsið ber á mörgum stöðum glögg merki ófullnægjandi frágangs og viðhalds þó að nokkrar umbætur hafi verið gerðar síðustu ár. Þótt mest af skólastarfinu fari fram í skólahúsinu eru íþróttahús og sundlaug vestast í kaupþúninu og þar í grennd er félagsheimilið þar sem heimilisfræðsla fer fram. Auk þessa var samið við veitingahúsið Café Riis að annast rekstur mötuneytis fyrir skólann og þurfa nemendur sem nýta sér það að fara þangað í hádeginu í mat. Þetta hefur í för með sér að senda þarf nemendur á milli húsa sem á tíðum getur verið erfitt vegna veður og færís. Leiðir eru ógreiðar vegna hæðarmismunar og lélegra stíga en yngri börnum er fylgt af skólaliðum fram og til baka. Þegar illa viðrar er börnum ekið í skólabil á milli húsa. Sveitarfélagið rekur skólabilinn og er bílstjóri jafnframt starfsmaður skólans.

Á síðustu tveimur árum hefur verið unnið að því að styrkja lýðræðislega stjórnunar- og starfshætti í skólanum. Skerpt hefur verið á eftirlitshlutverki skólanefndar og fundar hún nú mánaðarlega yfir veturinn. Af hálfu sveitarstjórnar hefur skólastjóra verið fengin aukin fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð. Skólinn annast auglýsingar á kennarastöðum, stjórnendur taka viðtöl og gera tillögur til skólanefndar. Í framhaldi gengur skólastjóri frá ráðningarsamningi í samráði við launafulltrúa. Skólaráð hefur verið kjörið í samræmi við lög. Fulltrúar kennara og annarra starfsmanna eru kosnir á starfsmannafundum, fulltrúar nemenda kosnir af nemendum og fulltrúar foreldra tilnefndir af foreldrafélagi. Að auki tilnefnir skólaráð sjálft fulltrúa hins ytra samfélags. Skólaráðið fundar reglulega og eru fundargerðir skráðar og birtar á heimasíðu skólans. Skólaráð hefur mótað starfsáætlun sína en dagskrá er sett upp fyrir hvern fund og geta fulltrúar í ráðinu óskað eftir að fá mál tekin á dagskrá hverju sinni. Að sögn er góð reynsla af starfi skólaráðs og segja fulltrúar nemenda að hlustað sé á rödd þeirra í ráðinu. Hafa þeir tekið upp ýmis mál sem á nemendum hafa brunnið og fengið úrlausn þeirra í ráðinu. Ekki hefur verið rætt um aðkomu skólaráðs að ritun skólanámskrár en hugmyndir

hafa verið kynntar og ræddar í skólaráði. Kennarafundir eru haldnir aðra hverja viku þar sem fjallað er um sameiginleg mál og öll stærri mál er varða kennslu afgreidd. Til kennarafunda eru boðaðir allir kennarar skólans og stuðningsfulltrúar geta setið fundina óski þeir þess. Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega þar sem allir starfsmenn koma saman og ræða innri mál.

Námshópar eru samsettir af tveimur árgöngum nema í þriðja bekk sem er einn og sér, þá er 4.–6. bekkur saman í einum námshópi. Tveggja kennara kerfi er viðhaft í hverjum námshópi nema þeim elsta. Þetta form líkar vel en það felur í sér allmikla mönnun á hvern námshóp í ljósi nemendafjölda. Umsjónarkennarar verið ýmist einn eða tveir í hverjum námshópi.

Í *Skólanámskrá* 2011–2012 birtast markmið, stefna og hlutverk GH. Hún er skrifuð af skólastjóra en ýmsir stefnumótandi þættir voru bornir undir kennara til umræðu og ákvörðunar. Skólanámskráin var lögð í heild sinni fyrir kennarafund og var samþykkt þar. Þá hefur fræðslunefnd fengið skólanámskrá til umfjöllunar. Hún hefur ekki verið kynnt í foreldrafélagi skólans en send öllum foreldrum í tölvupósti. Í námskrána skortir eðlilega enn útfærslu á sex grunnþáttum menntunar er skilgreindir eru í *Aðalnámskrá grunnskóla* 2011 en stefnt er að því að í næstu gerð verði þeir útfærðir fyrir GH. Í skólanámskránni er áhersla lögð á að brugðist sé við þörfum hvers nemanda og hann fái krefjandi viðfangsefni við sitt hæfi. Starfið á að mótast af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum og samvinnu nemenda. Í námskránni birtist starfsmannastefna skólans, endurmenntunarstefna, umhverfisstefna og eineltisáætlun. Skólareglur eru kynntar og viðurlög við brotum. Skólanámskráin er að stórum hluta til lýsing á starfi sem fram fer í skólanum og ekki verður annað séð en að það sé í samræmi við áherslur hennar. Ýmis áform hafa þó ekki náð fram að ganga og mismunandi sjónarmið eru uppi um hversu mikla þróunarvinnu sé hægt að leggja á starfsmenn.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* 2011 er áhersla lögð á nám við hæfi hvers og eins, jöfn tækifæri til menntunar og nám í skóla án aðgreiningar. Í skólanámskrá eru nótur slegnar í þessa veru en mikil viðhorfsglíma er greinilega innan skólans og í hinu ytra samfélagi gagnvart þessum áherslum. Þótt skólinn hafi mótað stefnu um einstaklingsmiðaða kennsluhætti gætir klínískrar afstöðu meðal kennara og foreldra til náms því ef vandi rís í skóla er kallað eftir „sérfræðingum“ til að greina vandann sem helst er talinn liggja hjá nemandanum. Mikil áhersla hefur verið á sérkennslu þar sem nemandi er tekinn út úr tíma og honum ætluð einstaklingskennsla. Það er talinn réttur nemandans og því setur sig enginn á móti. Hér ber hins vegar að hafa í huga að réttur nemenda er að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.⁵⁶ Það merkir ekki sjálfkrafa rétt nemandans til einstaklingsþjónustu heldur ber að útfæra almenna kennslu þannig að hún nýtist öllum sem best til náms og þroska. Til þess þurfa kennarar að hafa gott aðgengi að ráðgjafþjónustu og endurmenntun.

Almennt virðist það viðhorf ríkja meðal nemenda, foreldra og kennara að skólabragur sé jákvæður, nemendum líði vel í skólanum og viðhorf til hans sé jákvætt í samfélaginu. Niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal nemenda vorið 2011 gefur hins vegar vísbendingar um að skoða þurfi nánar líðan meðal yngri nemendanna. Andrúmsloft innan skóla virðist mjög opið og segja nemendur að það sé auðvelt fyrir þá að ná sambandi við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk. Mikið félagsstarf er á vegum félagsmiðstöðvarinnar Ozon og þá er tónlistarnám í Tónskólanum fellt að stundaskrá grunnskólans.

Sjálfsmat er enn í mótun. Lítil umfjöllun er um það í skólanámskrá, einungis greint frá því að sjálfsmatshópur sé að störfum og að sjálfsmatsáætlun skólans megi finna á vef hans. Þá er greint frá því að sjálfsmatsskýrsla sé í vinnslu og muni birtast á vef skólans. Einstaka kannanir hafa verið gerðar en enn vantar að skoða sjálfsmatið sem heildstætt ferli þar sem

⁵⁶ Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010.

markmið og áherslur skólanámskrár eru lögð til grundvallar matinu. Skólastjóri hefur unnið vandaða samantekt á námsárangri nemenda á samræmdum prófum og kynnt kennurum niðurstöður. Árangur nemenda er nokkuð undir landsmeðaltali og stendur vilji skólans til að ráða bót á. Niðurstöður síðustu prófa gefa vonir um að betri árangur sé í sjónmáli.

10.1 Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar

- Mikil mönnun og tiltölulega hátt hlutfall grunnskólakennara.
- Mikill umbótavilji ríkir meðal stjórnenda skólans.
- Stefna og markmið skólans eru skýr.
- Samræða við nemendur um námið stuðlar að lýðræðislegum vinnubrögðum í kennslu.
- Skólastjóra hefur verið fengin aukin rekstrarleg ábyrgð og lýðræðisleg stjórnun og starfshættir styrktir.
- Lítil starfsmannavelta og skýr starfsmannastefna.
- Lítið um að kennsla sé felld niður vegna forfalla.
- Jákvætt viðhorf nemenda í garð skóla og samfélags.
- Í félagsstarfi er lögð rækt við lýðræðislega þjálfun nemenda. Þeir eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan skóla.
- Skólabragur er rólegur og þægilegur, einkennist af mikilli nánd, vinnusemi og glaðværð.
- Mikið tónlistarlíf og öflug félagsstarfssemi helgast af þéttri nálægð tónlistarskóla og félagsmiðstöðvar.
- Starfsfólk segir sér líða vel og er ánægt með vinnuna og vinnustaðinn.
- Jákvæðni ríkir meðal foreldra í garð skólans. Þeir segja tiltrú í hans garð fara vaxandi enda sé tekið á málum jafnótt og þau koma fram.
- Starf foreldrafélags virðist vera lifandi og fjölbreytt.
- Nemendaverndarráð vinnur eftir skýrum verklagsreglum og gegnir mikilvægu hlutverki í þjónustu við nemendur.

Veikleikar

- Húsnæði þarfnast lagfæringa og vinnuaðstaða kennara er ófullnægjandi.
- Skipulag skólabókasafns hentar illa.
- Skólanámskrá tekur ekki mið af sex grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrá.
- Ekki er nógu vel unnið úr stefnu og markmiðum skólans.
- Bekkjarnámskrár eru óaðgengilegar, og kennsla er námsbókarstýrð.
- Kennara skortir faglegan undirbúning til að takast á við einstaklingsmiðaða kennsluhætti.
- Faglegt sjálfstraust kennara er fremur veikt.
- Þáttur prófa vegur hátt í námsmati.
- Skólastjóra hefur ekki tekist að fylkja starfsfólki nægilega vel að baki sér í breytingastarfi.
- Endurmenntunarstefna tekur ekki mið af þróunaráherslum skólans.
- Ekki hefur verið gengið frá formlegu innra mati.

10.2 Aðgerðir

Í erindisbréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til úttektaaðila er beðið um að settar séu fram „raunhæfar og rökstuddar tillögur að aðgerðum til úrbóta“ á starfi þess skóla sem úttektin tekur til. Þær tillögur eru eftirfarandi:

- Skólanámskrá verði endurskoðuð í ljósi nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Flétta þarf sex grunnþætti menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun) með virkum hætti inn í skólanámskrá, allt starf og stefnu skólans.
- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að virkja frumkvæði og hugmyndir kennara við alla gerð hennar, s.s. við mótun sýnar og stefnu skólans og ræða við alla hlutaðeigandi áður en endanlega er frá henni gengið.
- Kerfisbundið verði unnið að því að festa aðferðir til innra mats í sessi og það gert að virku tæki til þróunar starfs og faglegrar ígrundunar kennara.
- Sérfræðiþjónusta verði eflað og stuðningur og ráðgjöf við kennara aukinn.
- Stuðlað verði að markvissri endurmenntun kennara út frá þörfum skólans og einstakra starfsmanna.
- Skerpt verði á sameiginlegum skilningi kennara um hvað einstaklingsmiðaðir kennsluhættir fela í sér og þeim veitt fræðsla og ráðgjöf við að tileinka sér vinnubrögð af því tagi. Áfram verði unnið að þróun námsmatsaðferða og sjónum beint að leiðsagnarmati (formative assessment) í ríkum mæli.
- Hlúð verði að teymisvinnu meðal kennara sem felur í sér skuldbindingu þeirra um að læra saman og leita leiða, bæði við undirbúning kennslu og í kennslu, til að auka og bæta nám og skólastarf almennt.
- Fyrirkomulag sérkennslu verði endurskoðað og dregið úr klínískum áherslum í starfinu. Áhersla verði lögð á að rýna í starfshætti skólans við að mæta ólíkum þörfum nemenda.
- Stundaskrá verði tekin til endurskoðunar m.t.t. skólaaksturs.
- Unnið verði skipulega að endurbótum á húsnaði skólans og að koma allri starfsemi hans, þ.m.t. mötuneyti, heimilisfræðslu og íþróttakennslu, sem mest á sama stað.
- Unnið verði að viðhaldi og umhirðu á skólalóð og umbætur gerðar í samræmi við athugasemdir BSI á Íslandi.

11 Heimildir

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningar-
málaráðuneytið.

Ánægjukönnun fyrir starfsfólk á vinnustöðum: [Grunnskólinn á Hólmavík]. (2010).
Grunnskólinn á Hólmavík.

Bekkjarkvöld, samráðsfundir og vinahópar. [2012]. Vefslóð:

http://strandabyggd.is/grunnskolinn_foreldrasamstarf/foreldrafelag/

Bjarni Ómar Haraldsson. (2012). Bréf til úttektaaðila, dagsett 17.2.

Bjarni Ómar Haraldsson. (2011). *Samantekt á niðurstöðum og framkvæmd samræmdra
könnunarprófa við Grunnskólann á Hólmavík haustið 2010.* Hólmavík: Grunnskólinn á
Hólmavík. Vefslóð: http://www.strandabyggd.is/ymsar_skrar/skra/227/

Endurmenntunaráætlun 2011–2013. (2011). Vefslóð:

http://strandabyggd.is/ymsar_skrar/skra/326/

Foreldrakönnun I Grunnskólans á Hólmavík: vefkönnun – nóvember 2010 – niðurstöður.
[2010]. Grunnskólinn á Hólmavík.

Fræðslunefnd. (2012). Vefslóð:

http://strandabyggd.is/stjornsysla/nefndir_rad_og_stjornir/Fraedslunefnd/

Grænfáninn. [2010]. Vefslóð:

<http://landvernd.is/graenfaninn/flokkar.asp?flokkur=1258>

Heydalur – Reykjanes: ferðavísir. (2012). Vefslóð:

http://nat.is/travelguide/heydalur_ferdavisir.htm

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mannfjöldi. (2012). Vefslóð: <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi>

Námskrár bekkja skólaárið 2011–2012. (2011). Vefslóð:

http://strandabyggd.is/bekkjarnamskrar_2010-2011/

Nemendakönnun í Grunnskólanum á Hólmavík: vor 2011: niðurstöður. [2011]. Grunnskólinn
á Hólmavík.

Nemendaverndarráð Grunnskólans á Hólmavík. (2011). Vefslóð:

http://www.strandabyggd.is/ymsar_skrar/skra/273/

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010.

*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð
í grunnskólum, nr. 584/2010.*

Sérkennsla og stuðningur. [2011.]. Vefslóð:

http://strandabyggd.is/grunnskolinn_studningskerfi/serkennsla/.

Skólaárið 2011–2012. (2011). Vefslóð: http://strandabyggd.is/bekkjarnamskrar_2010-2011/

Skólanámskrá. (2011). Vefslóð:

http://www.strandabyggd.is/grunnskolinn_um_skolann/skolanamskra/

Starfsáætlun skólaráðs. [2010–2011]. Vefslóð: <http://strandabyggd.is/skolarad/>

Strandabyggð. [Án árs]. Vefslóð: http://strandabyggd.is/atvinnulif_og_saga/Strandabyggd/

Tilkynningarblað í eineltismálum og vegna gruns um einelti. [Án árs]. Vefslóð:

http://strandabyggd.is/grunnskolinn_studningskerfi/eineltisaaetlun/.

Um Broddanes. (2012). Vefslóð: <http://www.broddanes.is/>

Um skólann okkar. (2012). Vefslóð: http://www.strandabyggd.is/grunnskolinn_um_skolann/

Uppbygging þjónustu. [Án árs]. Vefslóð:

http://strandabyggd.is/atvinnulif_og_saga/Uppbygging_thjonustu/

Viðtal (í síma) við skólabílstjóra 1. mars.

Vinnan á bak við Grænfánann síðustu ár. (2011). Vefslóð:

http://strandabyggd.is/grunnskolinngraefaninn/Vinnan_a_bak_vid_Graefanan_sidustu_ar/;

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Grunnskólanum á Hólmavík:

- Aðstoðarskólastjóri
- Allir nemendur í níunda og tíunda bekk
- Fræðslunefnd
- Rýnihópur allra fastra kennara
- Rýnihópur annarra starfsmanna (þrír stuðningsfulltrúar, skólabílstjóri, bókavörður, tveir skólaliðar, sérkennslufulltrúi/iðjuþjálfari)
- Rýnihópur foreldra
- Skólaráð
- Skólastjóri

Fylgiskjöl

Skólastjóri Grunnskólans á Hól mavík
Bjarni Ómar Haraldsson
Skólbraut 20–22
510 Hól mavík

Fylgiskjal 1

Akureyri 10. febrúar 2012

Efni: Úttekt á starfsemi Grunnskólans á Hól mavík

Eins og fram kemur í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 24. janúar 2012 til sveitarstjóra Strandabyggðar hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Grunnskólanum á Hól mavík. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin verður byggð á fyrirbyggjandi gögnum úr skólastarfinu ásamt rýniviðtölum við hagsmunaaðila skólastarfsins, skólastjóra, kennara, nemendur, foreldra, skólanefnd, fræðslustjóra, skólaráð og e.t.v. fleiri aðila.

Við óskum eftir góðu samstarfi og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 17. febrúar nk. Ef upplýsingar liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar:

Skólanámskrá.

Starfsáætlun og skóladagatal.

Sjálfsmatsskýrsla eða ársskýrsla skóla.

Nemendafjöldi 15. september 2011, skipt eftir árgöngum.

Skipurit skólans.

Skólaráð, hvernig er kosið í ráðið og hverjir skipa það? Hver eru helstu verkefni þess?

Er foreldrafélag við skólann og hver eru helstu verkefni þess? Lög félagsins.

Starfsmannafjöldi:

Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda.

Fjöldi grunnskólakennara í föstum fullum stöðum.

Fjöldi leiðbeinenda í föstum fullum stöðum.

Fjöldi grunnskólakennara í hlutastörfum.

Fjöldi leiðbeinenda í hlutastörfum.

Fjöldi stundakennara, kennslumagn pr. viku mannað af stundakennurum, hversu hátt hlutfall þessara stunda er mannað með kennurum (leyfisbréf sem grunnskólakennari).

Annað starfsfólk sem starfar við kennslu eða aðstoð við kennslu s.s. sérkennarar, þroskaþjálfar/iðjuþjálfar, stuðningsfulltrúar. Fjöldi og starfshlutfall.

Fjöldi annarra starfsmanna og stöðugildi, s.s. skólaritari, bókaverðir, skólaliðar, húsverðir, ganga- og baðverðir, starfsfólk í mótuneyti. Önnur starfsheiti?

Upplýsingar um menntun kennara.

Upplýsingar um starfsmannaveltu í skólanum undanfarin 5 ár.

Upplýsingar um forföll og forfallakennslu frá hausti 2011 (kennslustundir felldar niður frá hausti sökum fjarvista kennara).

Upplýsingar um valgreinar:

1.–7. bekkur: Tímaffjöldi, hvaða námsgreinar eru í boði?

8.–10. bekkur: Hlutfall vals af vikulegum kennslustundafjölda, fjöldi valgreina og þar af list- og verkgreinar/bóknám, af hverju viðkomandi námsgreinar og áhrif nemenda á framboð valgreina. Er val nemenda bundið við kyn? Er markvisst reynt að draga úr kynbundnu vali?

Sýnishorn af kennsluáætlunum.

Upplýsingar um prófaniðurstöður á samræmdum prófum í 4. 7. og 10. bekk.

Upplýsingar um fyrri úttektir og/eða kannanir.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann dagana 23.–24. febrúar nk. og eiga viðtöl við aðila eftir því sem hér segir:

Kl.	23. febrúar
13:00–14:30	Skólastjóri
14:45–15:45	Kennarar – rýnihópur
16:00–17:00	Foreldrar – rýnihópur
17:15–18:00	Skólanefnd
Kl.	24. febrúar
8:15–9:15	Skólaráð
9:30–10:30	Nemendur í 9.–10. bekk
11:00–12:00	Annað starfsfólk – rýnihópur
13:00–14:00	Aðstoðarskólastjóri

Biðjum við þig um að óska eftir þátttöku fólks í úttektinni í samræmi við ofangreint. Óskum við eftir að fá að eiga viðtal við eftirtalda kennara:

Dagrún Magnúsdóttir,
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir,
Ingibjörg Emilsdóttir,
Jóhanna Ása Einarsdóttir,
Kristjana Eysteinsdóttir,
Kolbeinn Skagfjörð Jósteynsson,
Vala Friðriksdóttir, umsjónarkennari.

Þá viljum við eiga samtal við eftirtalið annað starfsfólk skólans:

Alda Guðmundsdóttir,
Alfreð Gestur Símonarson,
Ester Sigfúsdóttir,
Ingibjörg Fossdal,
Jóhanna Hreinsdóttir,
Steinar Ingi Gunnarsson,
Sigrún María Kolbeinsdóttir.

Auk þessa biðjum við þig um aðstoð við að ná til foreldra og biðjum þig að finna eitt foreldri úr hverjum námshópi (bekk) og boða til viðtals við okkur (fimm manns) og jafnframt leita eftir því að formaður foreldrafélags taki þátt í rýnihópi foreldra. Þá óskum við eftir að fá að fara í eina kennslustund til viðræðna við nemendur í 9.–10. bekk.

Ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra.

Ef einhverjir meinbugir eru á því að funda með okkur framangreinda daga þá biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Auk þess biðjum við þess vinsamlega að þú staðfestir móttöku þessa bréfs þannig að við séum vissir um að það hafi borist réttum aðila.

Með bestu kveðju og óskum um gott samstarf.

Trausti Þorsteinsson
Bragi Guðmundsson

Starfsáætlun Skólaráðs skólaárið 2011 – 2012

1. fundur. 20. október klukkan 17:00 – 19:00 í Grunnskólanum á Hólmavík

1. Funda- og starfsáætlun skólaráðs 2011 – 2012 rædd og samþykkt / Breytingartillögur.
2. Skjatti / Áform / Heimanám.
3. Breytingar og samræming á námsmati skólaárið 2011 - 2012.
4. Endurskoðuð skólanámskrá lögð fram til samþykktar / umræður.
3. Önnur mál.

2. fundur. 24. nóvember klukkan 17:00 – 19:00 í Grunnskólanum á Hólmavík

1. Nemendaráð kynnir starfsemi vetrarins og leggur fram tillögur vegna hagsmunamála nemenda.
2. Bekkjarnámsskrár 2011 -2012. Umræður og tillögur um umbætur.
3. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa haustið 2011.
4. Stefnur og straumar í skólastarfinu. Almennar umræður.
5. Önnur mál.

3. fundur. 12. janúar kl. 17:00-19:00 í Grunnskólanum á Hólmavík

1. Nemendaverndar ráð. Almenn umræða um sérfræðiráðgjöf og aðgengi að sérfræði – og félagslegum úrræðum fyrir nemendur og foreldra. Staða sérkennslu, kennslumagn og stuðningsúræði við nemendur með sértæka námserfiðleika og/eða fatlanir. Hildur Guðjónsdóttir kynnir. Almennar umræður um þessa málaflokka. Tillögur að umbótum.
2. Viðbragðáætlun vegna áfalla. Umræður, umbótatillögur og áætlun síðan lögð fram til samþykktar.
3. Önnur mál.

4. fundur. 12. apríl klukkan 17:00 – 19:00 / Í Grunnskólanum á Hólmavík

1. Starfsáætlun Grunnskólans og skóladagatal fyrir skólaárið 2012 -2013.
2. Farið yfir kennslumagn – kennsluskipulag – viðmiðunarstundaskrá – umsjónarkennslu 2012-2013.
3. Staða Grænfánaverkefnis. Kynning frá Ingibjörgu Emilsdóttur verkefnisstjóra. Umræður.
4. Önnur mál.

5. fundur. 7. júní klukkan 17:00 – 19:00 / Í Grunnskólanum á Hólmavík

1. Niðurstöður starfsmannasamtala kynntar skólaráði.
2. Nemendaráð/ tillögur um brýn hagsmunamál nemenda skólaárið 2012 -2013.
3. Uppgjör skólaársins. Almennar umræður um skólastarfið.
4. Önnur mál.

Skólalagatal 2011 - 2012

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MÁI		JÚNÍ					
1	M	Fridagur versluarmána	1	F	1	L	1	P	1	F	1	S	Nýlisdagur	1	M	1	F	1	P	1	Verkaýðisdagurinn	1	F	Foelravíðitöl	
2	P		2	F	2	S	2	M	2	F	2	M	Starfsdagur	2	F	2	F	2	M	2	M		2	L	
3	M		3	L	3	M	3	F	3	L	3	P		3	F	3	L	3	P	3	F		3	S	
4	F		4	S	4	P	4	F	4	S	4	M		4	L	4	S	4	M	4	F		4	M	Skólaeit
5	F		5	M	5	M	5	L	5	M	5	F		5	S	5	M	5	F	5	L	Skólaeit og Vorloni Tónsk.	5	P	Starfsdagur
6	L		6	P	6	F	6	S	6	P	6	F	Þreitolindinn	6	M	6	P	6	F	6	S		6	M	Starfsdagur
7	S		7	M	7	F	7	M	7	M	7	L	Jólabískúpa-fyrir hluti	7	P	7	M	7	L	7	M		7	F	Starfsdagur
8	M		8	F	8	L	8	P	8	F	8	S	Jólabískúpa-fyrir seinni hluti	8	M	8	F	8	S	8	P		8	F	Starfsdagur
9	P		9	F	9	S	9	M	9	F	9	M		9	F	9	F	9	M	9	M	Annar í þöskum	9	M	
10	M		10	L	10	M	10	F	10	L	10	P		10	F	10	L	10	P	10	F	Starfsdagur	10	F	
11	F		11	S	11	P	11	F	11	S	11	M		11	L	11	S	11	M	11	F		11	F	
12	F		12	M	12	M	12	L	12	M	12	M		12	S	12	M	12	F	12	L		12	L	
13	L		13	P	13	F	13	S	13	P	13	F		13	M	13	P	13	F	13	S		13	S	
14	S		14	M	14	F	14	M	14	M	14	L	Jólabísa Ózón	14	P	14	M	14	L	14	M	Proféttimabili vöðanar hefst	14	F	
15	M	Starfsdagur	15	F	15	L	15	P	15	F	15	S	Lúlu jólin	15	M	15	F	15	S	15	P		15	P	
16	P	Starfsdagur	16	F	16	S	16	F	16	F	16	M	Skólupl	16	F	16	F	16	M	16	M		16	M	
17	M	Starfsdagur	17	L	17	M	17	F	17	L	17	P		17	F	17	L	17	P	17	F	Uppstignisdagur	17	S	Lyvólisdagurinn
18	S	Starfsdagur	18	S	18	P	18	F	18	S	18	S	Jólabísa Ózón	18	L	18	S	18	M	18	F		18	F	
19	F	Skólaeining / Kríkan	19	M	19	M	19	L	19	M	19	F		19	S	19	M	19	F	19	L	Sumardagurinn fyrsti	19	L	
20	L		20	P	20	F	20	S	20	P	20	M	Bolludagur	20	M	20	P	20	F	20	S	Umhverfisdagurinn	20	S	
21	S		21	M	21	F	21	M	21	M	21	L		21	P	21	M	21	L	21	M		21	M	
22	M	Kennsla hefst	22	F	22	L	22	P	22	F	22	S		22	M	22	F	22	S	22	S		22	P	
23	P		23	F	23	S	23	M	23	F	23	M		23	F	23	F	23	M	23	M	Starfskyrning 10. b	23	M	
24	M		24	L	24	M	24	F	24	L	24	P		24	L	24	L	24	P	24	F		24	F	
25	F		25	S	25	P	25	F	25	S	25	M		25	L	25	S	25	M	25	F	Starfskyrning 10. b	25	F	Proféttimabili vöðanar lýkur
26	F		26	M	26	M	26	L	26	M	26	F		26	S	26	M	26	F	26	L		26	L	
27	L		27	P	27	F	27	S	27	P	27	M		27	M	27	P	27	F	27	S	Starfskyrning 10. b	27	S	Starfsdagur
28	S		28	M	28	F	28	M	28	M	28	M		28	P	28	M	28	L	28	L		28	M	Annar í hvílasumnu
29	M		29	F	29	L	29	P	29	F	29	S		29	M	29	F	29	S	29	P		29	P	
30	P		30	F	30	S	30	M	30	F	30	M		30	F	30	M	30	M	30	M		30	M	Nemendavíðitöl
31	M		31	M	31	M	31	L	31	L	31	P		31	L	31	L	31	F	31	F	Vöðudagur	31	F	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skólalagdagur nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðin í samráði við kennara og með hljóðsjón af kjarasamningum. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.